

MOSFELLINGUR

8. tbl. 8. árg. föstudagur 12. júní 2009. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós

Atvinnuáttak í Mosfellsbæ

Öll ungmenni fá sumarvinnu

Í sumar munu hátt í þúsund hendur keppast við að fegra bæinn okkar því 430 ungmenni á aldrinum 15-24 ára starfa hjá Mosfellsbæ og eru það fleiri en nokkru sinni fyrr. Bæjarráð Mosfellsbæjar tók þá ákvörðun í vor að öllum umsækjendum um sumarstarf á vegum Mosfellsbæjar yrði veitt vinna. Flestir þeirra 290 ungmenna í 8.-10. bekk sem starfa hjá Vinnuskóla Mosfellsbæjar eru að snyrta og fegra bæinn en hluti aðstoðar jafnframt leiðbeinendur í sumarnámskeiðum sem haldin eru fyrir börn í Mosfellsbæ eða hjálpar til í leikskólum bæjarins. Þeir 140 sem eru 17 ára og eldri og starfa hjá bænum eru m.a. flokksstjórar í Vinnuskóla og starfa hjá garðyrkjudeild Mosfellsbæjar og Skógræktarfélagi Mosfellsbæjar.



Mynd/Magnús Már

EIGN VIKUNNAR

Fellsás




EIGNAMIDLUN Mosfellsbæ

Glæsilegt 184,7 fm parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Húsið er teiknað af Ingimundi Sveinsyni, arkitekt. Húsið var allt innréttað á vandaðan hátt árið 2003 og hannað af Péttri Birgissyni, innanhúsarkitekt. Húsið stendur innst í botnlanga og hátt í landi og er mikið útsýni og víðátta frá húsinu. **Lækkað verð! Skipti á ódýrari eign koma til greina! V. 45,9 m.**



Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali • www.fastmos.is, www.eignamidlun.is



100% Speltbrauð

MOSFELLSBÆKARI

RÉTTINGAVERKSTÆÐI Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685
jonrett@internet.is

Ný
CABAS
tjónaskoðun

Vottað
verkstæði

Þjónustuverkstæði
útvægum bílaleigubíla



Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Skeljatanga 39, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Blaðamaður: Ruth Örnólfsdóttir
ruth@mosfellingur.is
Prentun: Oddi **Upplag:** 4000 eintök
Umbrot og hönnun: Mosfellingur
Prófkör: Hjördís Kvaran Einarsdóttir
Ljósmyndari: Magnús Már Haraldsson

Tekið er við aðsendum greinum á netfangið
mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær
ekki vera lengri en 500 orð.

**Mosfellingur kemur út að
jafnaði á þriggja vikna fresti.**

Næsta blað kemur út 10. júlí

Skítalykt af málunum

Æftar berst sorplykt yfir
Mosfellsbæ frá urðunarstað
Sorpu í Álfnesi. Mosfellingar eru
orðnir langþreyttir á þessari pest
og krefjast úrbóta. Íbúasamtök



Leirvogstungu héldu
fund á dögnum með
forsvarsmönnum
Sorpu og skil ég þá vel
að þeir vilji svör. Íbúar
sem nýlega keyptu
sér sérþýli í sveit
sitja nú uppi
með skítalykt
í loftinu og
skert lífs-
skilyrði.

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri

Í Álfnesi eru urðuð mörg hund-
ruð tonn á dag og er greinilegt
að þar er eitthvað í ólagi, ef marka
má lyktina. Þetta getur varla talist
eðlilegt en í Álfnesi er urðuð allt
það sorp sem til fellur á höfuð-
borgarsvæðinu.

Ég held það sé kominn tími til að
Mosfellingar losni við þetta rusl
úr túnfætinum ef ekki verði þeim
um meiri úrbætur gerðar á stað-
num. Það eru fleiri sveitarfélög á
höfuðborgarsvæðinu sem koma að
Sorpu. Þeirra tími er kominn, við
höfum haft þetta í okkar nágrenni
í tug ára. Við Mosfellingar líðum
ekki þessa skítalykt mikið lengur.



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

Þessi sumarmynd úr
Mosfellsveit var tekin á
þjóðhátíðardaginn fyrir u.þ.b.
fjórðum áratugum. Þrúðbúið
fólkið fylgist með kappleik á
Varmárvelli en sumir áhorfend-
ur hafa kosið að setjast inn í
ökutæki sín sem standa þar sem
íþróttaleikvangurinn reis síðar.
Félagsheimilið Hlégarður er á
sínnum stað en hægra megin við
Hlégarð sést dökkleitt og stakt
hús sem hét Ás og var síðar
breytt í veitingahúsið Áslák.
Lengst til hægri eru húsin við
Skólabraut í byggingu.

Bjarki Bjarnason



HÉÐAN OG ÞÁÐAN



SACLA
ITALIA

Getur þú fundið Benjamín falinn í blaðinu?



EIGNAMIDLUN

Mosfellsbæ

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali
www.fastmos.is, www.eignamidun.is



Hlín Blómahús

Um er að ræða eina vinsælustu blómabúð landsins. Búðin hefur verið rekin af sömu aðilum í Mosfellsbæ sl. 16 ár við góðan orðstýr. Þetta er flott tækifæri fyrir t.d. tvo samhenta aðila sem vilja fara í skemmtilegan rekstur með góða sögu.



Álmholt - Einbýlishús

Mjög fallett og mikið endurbætt 188,1 fm einbýlishús á einni hæð með tvöföldum bílskúr á stórrí lóð við Álmholt 7 í Mosfellsbæ. Eldhús og baðherbergi voru endurnýjuð fyrir 2 árum síðan. Mjög stór suðurgarður með timburverönd.
Skipti koma til greina á minni eign!
V. 48,5 m.



Brastarhöfði - Parhús

Glæsilegt 197,7 fm parhús á tveimur hæðum í einu vinsælasta hverfi Mosfellsbæjar. Stórar svalir í suður og vestur. Garður að mestu leiti byggður palli með stórrí skjólgirðingu, en þar er heitur pottur með 17" skjá. **Lækkað verð!**

Ásett verð var kr. 67.800.000 - eignin fæst nú á 51.900.000 kr.



Laxatunga - Raðhús

Vorum að fá í sölu falleg 244 fm, 5 herbergja raðhús á tveimur hæðum með bílskúr við Laxatungu 24 -34 í Mosfellsbæ. Gott útsýni, tvennar svalir, stórar stofur, rúmgóð herbergi, stórir gluggar. Húsin afhendast í núverandi ástandi, þ.e. húsið er fullbúið að utan, að innan eru útveggir og loft tilbúin til sandspörstlunar, hitalagnir komnar í gólf, hiti tengdur í húsið og rafmagnsheimtaug kominn í töflu.
Verð frá 35,5 m.



Brekktungi - Raðhús

254,0 m2 raðhús á þremur hæðum og bílskúr við Brekktunga í Mosfellsbæ. Í húsinu eru 5 svefnherbergi. Fallegur garður í suðvestur.

V. 39,7 m.



Litlikriki 2 - 4ra herbergja

Ný og glæsileg 126 fm, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í nýju glæsilegu 3ja hæða lyftuhúsi við Litlikrika 2 í Mosfellsbæ. Íbúðin er fullbúin með eikarinnréttingum. Eikarparket og flísar eru á gólfum. **Íbúðin er tilbúin til afhendingar!**
Lækkað verð!
V. 29,8 m.



Hjallahlíð - 4ra m/bílskúr

Glæsileg 117,4 fm, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð ásamt 24,1 fm bílskúr við Hjallahlíð í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, þrjú góð herbergi, baðherbergi með baðkari og sturtu, rúmgott eldhús með fallegri innréttingu, bjarta stofu og fullbúinn bílskúr. Falleg eign á toppstað.
Lækkað verð!
V. 31,9 m.



Prastarhöfði - 4ra herbergja

Falleg 107,8 fm, 4ra herbergja íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli með miklu útsýni við Prastarhöfða 2 í Mosfellsbæ.
V. 28,9 m.



Fálkahöfði - 4ra herbergja

121,9 fm, 4ra herbergja íbúð á jarðhæð með sérinnngangi og sérgarði í góðu fjölbýlishúsi. Íbúðin er björt og rúmgóð með rúmgóðum herbergjum, stofu, borðstofu, eldhúsi með góðum borðkróki, baðherbergi með baðkari og sturtuklefa og sér þvottahúsi. **Lækkað verð!**
V. 24,8 m.



Fálkahöfði - 3ja herbergja

Falleg 103,9 fm, 3ja herbergja endaíbúð á jarðhæð í 3ja hæða fjölbýli við Fálkahöfða í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, eldhús með borðkrók, þvottahúsi, tvö rúmgóð herbergi, baðherbergi og sérgeymslu **Frábær staðsetning!**

V. 23,9 m.



Prastarhöfði - 3ja herbergja

Falleg og björt 85,7 m2, 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í litlu 3ja hæða fjölbýlishúsi við Prastarhöfða í Mosfellsbæ. Stutt í skóla, leikskóla, sund og World Class. **Aðviliandi eru ca. 20.800.000 kr. í láni frá Kaupþing banka.**
V. 22,5 m.



Urðarholt - 2ja herbergja

Falleg og björt 64,3 fm 2ja herbergja íbúð á efstu hæð í litlu fjölbýli við miðbæinn í Mosfellsbæ. Baðherbergi m/baðkari og stórt hjónaherbergi. Svalir í suðvestur og mjög fallett útsýni að Esjunni í norðausturátt.
V. 16,9 m.



Hjallahlíð - 2ja herbergja

Björt og falleg 65,8 fm 2ja herbergja íbúð á annarri hæð með sérinnngangi. Íbúðin skiptist í forstofu, stórt herbergi, geymslu sem nú er notuð sem barnaherbergi, baðherbergi, þvottahúsi, eldhús, stofu og geymsluloft. Þetta er mjög vel staðsett eign, stutt er í skóla, leikskóla, sund, World Class og á golfvöllinn.
V. 17,9 m.



Íbúar óánægðir með lykt frá Sorpu

Um 30 manns úr íbúasamtökum Leirvogstungu fóru á fund Sorpu miðvikudagskvöldið 3. júní. Farið var í heimsókn á urðunarstaðinn í Álfnesi og þeim kynnt starfsemin sem þar fer fram. Megn óánægja er í Leirvogstungu vegna lyktarmengunar sem kemur frá Urðunarstaðnum. „Því miður leggur mikla lykt yfir þetta nýja og fallega hverfi hér í Leirvogstungu þegar stillur eru eða vind leggur frá Álfnesinu,” segir Þröstur Jón Sigurðsson formaður íbúasamtakanna. Nokkuð heitar umræður sköpuðust um málið í lok fundar. Íbúar eru hvattir til að koma á framfæri athugasemdum til forsvarsmanna Sorpu ef þeir verða lyktar varir og verða fyrir óþægindum vegna hennar. Að sögn Haraldar Sverrissonar bæjarstjóra er Mosfellsbær í viðræðum við Sorpu um úrlausnir. „Við höfum verulegar áhyggjur af þessu enda ekki ásættanlegt að um lyktarmengun sem þessa sé að ræða í bæjarfélaginu okkar,” segir Haraldur.

MOSFELLINGUR á vaktinni

Mosfellingur kannaði að þessu sinni laun unglunga í vinnuskóla Mosfellsbæjar. Tæplega 300 börn sækja vinnu þar í sumar. Auk tímakaups fá unglingsarnir 10,17% orlof.

Tímakaup í vinnuskólanum

- 8. bekkur 325 kr. á tímann
- 9. bekkur 367 kr. á tímann
- 10. bekkur 488 kr. á tímann



Sigurður Helgi Guðmundsson forstjóri Eirar og Haraldur Sverrisson bæjarstjóri Mosfellsbæjar undirrita samninginn á Hlaðhömrum.



Eir kaupir Hlaðhamra og allar íbúðir í elsta hlutanum endurnýjaðar í sumar

Uppbygging á þjónustu við aldraða í Mosfellsbæ

Mosfellsbær og Eir, hjúkrunarheimili hafa undirritað samning um kaup Eirar á Hlaðhömrum, íbúðum fyrir aldraða, í Mosfellsbæ. Kaupsamningurinn er liður í því að auka þjónustu við aldraða í Mosfellsbæ.

Fyrsti hluti Hlaðhamra var tekinn í notkun árið 1980 og var gjöf Lionsklúbbs Kjalarnesþings í Mosfellsbæ. Í gjafabréfi Lionsklúbbsins til Mosfellsbæjar stóð m.a.: „Sú er von klúbbfélaga að þar fái aldrað fólk en sjálfbjarga notið ellinnar á friðsömum stað í fögru umhverfi í okkar indælu sveit.” Í húsinu voru sex íbúðir fyrir aldraða.

Uppbygging í þágu aldraða

Árið 1992 var annar áfangi Hlaðhamra tekinn í notkun, fjórtán nýjar íbúðir og þjónustukjarni.

Haft var fullt samráð við Lionsklúbb Kjalarnesþings við sölu á Hlaðhömrum og hafa Lionsmenn lýst ánægju með hið nýja fyrirkomulag. Að sögn Haraldar Sverrissonar bæjarstjóra er það yfirlýst stefna af hálfu Mosfellsbæjar að þeir fjármunir sem fást fyrir sölu þjónustuíbúðanna renni til frekari uppbyggingar í þágu aldraða á staðnum. Má þar nefna hlutdeild Mosfellsbæjar í byggingu 30 hjúkrunarrýma sem er í undirbúningi og aðstöðu fyrir félagsstarf aldraða.

Eir byggir hjúkrunarheimili

Kaupsamningurinn er jafnframt í samræmi við rammasamning sem



Hlaðhamrar, íbúðir aldraða í Mosfellsbæ.

Mosfellsbær og Eir gerðu árið 2005 um að Eir byggji upp og reki þjónustu fyrir aldraða í Mosfellsbæ. Í framhaldi af honum byggði Eir 38 öryggisíbúðir að Eirhömrum, í tengslum við íbúða- og þjónustuhús aldraða við Hlaðhamra.

Að sögn Haraldar gerir rammisamningurinn við Eir m.a. ráð fyrir því að Eir byggji hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ en Eir hefur jafnframt annast félagslega heimaþjónustu við aldraða í Mosfellsbæ frá því 2007.

„Við sölu Hlaðhamra til Eirar er gert ráð fyrir því að núverandi íbúar í íbúðum Hlaðhamra njóti sömu kjara og verið hefur meðan þeir dvelja í íbúðunum,” segir Haraldur. Þá er gert ráð fyrir því að Mosfellsbær leigi af Eir húsnæði undir þjónustumiðstöð og félagsstarf aldraða.

Fyrsta flokks þjónusta við aldraða

„Með sölnunni á Hlaðhömrum er verið að tryggja fyrsta flokks þjónustu fyrir aldraða í Mosfellsbæ,” segir Haraldur. „Einnig er í undirbún-



Íbúar fylgjast grannt með gangi mála.

ingi að auka enn frekar þjónustu við aldraða Mosfellinga með því að reisa hjúkrunarheimili fyrir aldraða hér í bæjarfélaginu en það hefur verið stefna okkar um nokkra hríð,” segir hann jafnframt.

Nú standa yfir umfangsmiklar endurbætur á íbúðum Hlaðhamra sem lokið verður við í sumar.

Búseturéttur í boði

Íbúum á Hlaðhömrum mun gefast kostur á að kaupa 30% búseturétt í íbúðunum og lækka þar með mánaðarlega húsaleigu. Búseturéttur að hluta sem þessi er áþekkur þeim sem tíðkast nú vegna allnokkurra íbúða í Hlaðhömrum. Til samannburðar geta íbúar á Eirhömrum keypt 100% búsetturétt.

Þá verður Mosfellsbæ jafnframt tryggður aðgangur að íbúðum sem félagslegu úrræði fyrir aldraða í sveitarfélaginu og verða þær íbúðir leigðar út í félagslegu kerfi sveitarfélagsins.

KIRKJUSTARFIÐ

www.lagafellskirkja.is



Helgihald næstu vikur:

17. júní

Hátíðarguðsþjónusta í Lagafellskirkju kl. 11

21. júní.

Kvöldguðsþjónusta í Lagafellskirkju kl. 20

28. júní

Göngumessa frá Mosfellskirkju kl. 11

Foreldramorgnar eru alla mánudaga frá kl. 10 til kl. 12 í safnaðarheimilinu.

Allar upplýsingar um safnaðarstarf

Lágafellssóknar er hægt að finna á heimasíðu kirkjunnar: www.lagafellskirkja.is



SÓKN Í SÓKN

– LIFANDI SAMFÉLAG

Vertu með í sókninni!

17. júní



MOSFELLSBÆR

10:00 - Sundmót

Sunddeild Aftureldingar heldur sitt árlega innanfélagsmót í Varmárlaug. Að sundmótinu loknu verða leikir og fjör við laugina

11:00 - Hátíðarguðspjónusta

Hátíðarguðspjónusta Lágafellskirkju kl. 11.00
Sr. Skirnir Garðarsson leiðir guðspjónustuna.
Organisti Arnhildur Valgarðsdóttir.
Sönghópur Önnu Sigríðar Helgadóttur annast sönginn. Skátar standa heiðursvörð.
Allir hjartanlega velkomnir.

13:00 - Setning Hátíðar

Komið saman á bæjartorginu
Hátíð sett - Ávarp Fjallkonu - Álafosskórinn
Hátíðarræða - Skátafélagið Mosverjar leiða sknúðgönguna að Hlégarði.

14:00 - Barnadagskrá

Skólahljómsveit Mosfellsbæjar tekur á móti sknúðgöngu við Hlégarð
Leikskólabörn úr Reykjakoti syngja lög úr Söngvaseið.
Lilli Klífurmus og Mikki refur.
Leikpáttur frá Leikfélagi Mosfellssveitar
Karatedeild Aftureldingar.
Trúðarnir Kútur og Kolla
Töframaðurinn Jón Víðis.
Fimleikadeild Aftureldingar.
Gunni og Felix

16:00 - 17:00

Sterkasti maður Íslands

Keppt um titilinn sterkasti maður Íslands á Hlégarðstúni
Stefán Sölvi Pétursson og Kristinn Óskar Haraldsson "Boris" verða á meðal keppenda

20:00 - 22:00

Útidansleikur fjölskyldunnar

Eldhugar - María Ólafsdóttir
Stefanía Svavarsdóttir - Anna Hlin
og Bermuda



Söluþjöld, andlitsmálun,
Tívoli, leikir, glens og gaman
með félögum úr Mosverjum.
Afturelding með kynningu
á starfsemi sinni.

Kaffisala í Hlégarði

14:00-17:00 er í boði
Knattspyrnudeildar Aftureldingar



Sýna olíumálverk í Lágafellslaug

Þriðjudaginn 2. júní opnuðu Svandís Jørgensen og Sigrún Sigurðardóttir sýningu á olíumálverkum sínum í kaffiteríu Lágafellslaugar. Sýningin verður opin út júnímánuð.



Frábær þátttaka á Skólapingi

Á annað hundrað þátttakendur mættu á Skólaping Mosfellsbæjar sem haldið var um miðjan maí. Markmiðið með Skólapinginu var að sækja hugmyndir og skoðanir til íbúa Mosfellsbæjar sem og fagfólks á sviði skólamála. Um 25 börn og ungmenntu á aldrinum 10-16 ára lögðu sitt af mörkum og komu með fjölda góðra hugmynda um hvernig gera megi góða skóla í Mosfellsbæ enn betri.

Stefnt er að því að endurskoða skólafestinu Mosfellsbæjar á næstu mánuðum og er Skólapingið upphafið að þeirri vinnu. Afrakstur þingsins verður nýttur til vinnu við endurskoðun á skólafestinu Mosfellsbæjar og er öllum velkomið að taka þátt í þeirri vinnu, jafnt þeir sem tóku þátt í skólapinginu sem og öðrum sem af einhverjum ástæðum var ekki fært að mæta.

ELDRI BORGARAR



Tónlistarhátíðin MúsMos fer fram á Fánadeginum í Álafosskvos á morgun

Mosfellskar hljómsveitir spreyta sig

Á morgun, laugardaginn 13. júní munu mosfellskar hljómsveitir stíga á svið í Álafosskvos ásamt góðum gestum, meðal annars Mammút og We made God undir yfirskriftinni MúsMos 2009. Í fyrra stígu aðeins mosfellskar hljómsveitir á stokk, en vegna mikillar aðsóknar hefur verið ákveðið að leyfa öðrum hljómsveitum að taka þátt í hátíðinni.

Tónleikarnir eru haldnir með það að markmiði að efla tónlistarlíf í Mosfellsbæ og gefa hljómsveitum tækifæri á að spreyta sig. Að tónleikum standa íbúar í Álafosskvos með stuðningi Mosfellsbæ.

Lifandi tónlist frá kl. 14-20

MúsMos er vaxandi viðburður. Í ár munu íbúar kvosarinnar setja upp sérstakt viðburðartorg við sviðið, og fá þannig úthátíðarstemningu, líkt og á Glastonbury og Hróaskeldu.

Tónleikarnir byrja klukkan 14 og standa til 20. „Það er enginn kreppa hjá okkur og munum við bjóða uppá mjög fjölbreytta tónlist, allt frá sí-

15 HLJÓMSVEITIR KOMA FRAM

- The electric taste
- Mushcream
- Ampersand
- Blinking numbers
- Sykur
- Two tickets to japan
- We made God
- Ghost aircraft
- At dodge city
- Sleeps like an angry bear
- Naflakusk
- Retro Stefson
- Furry Strangers
- We went to space
- Mammút

MÚSMOS



gaunadjassi upp í harðasta rokk, segir Teitur Björgvinsson einn skipuleggjenda.

Tónleikarnir fara fram á fánadaginn, en það er sérstakur hátíðardagur í Álafosskvos. Á föstudagskvöldið kl. 19 fer Álafosshlaupið fram og eru hlaupnir 9 km.



Kiwanisfélagarnir Hlynur Hilmarsson Mosfelli, Skúli Guðmundsson Geysi, Pétur Baldvinsson og Haraldur Haraldsson Mosfelli.



Krakkarnir í Lágafellsskóla fylgast vel með þegar Vigdís Steinþórsdóttir hjúkrunarfræðingur sýnir mikilvægi hjálmsins.

Kiwanisklúbbarnir í Mosfellsbæ gefa reiðhjólajálma

Sjö ára börn fá hjálma

Kiwanisklúbbarnir Geysir og Mosfell komu færandi hendi í grunnskóla bæjarins og gáfu öllum fyrstu bekkjum hjálma. Kiwanishreyfingin á Íslandi gefur hjálmana með stuðningi Eimskips en tæplega 10% þjóðarinnar hafa fengið hjálma síðustu sex ár. Sjö ára börn í Varmárskóla, Lágafellsskóla og Klébergsskóla á Kjálarnesi fengu heimsókn frá Kiwanisklúbbunum.



Kvennaganga/hlaup

frá Hlaðhömrum verður þriðjudaginn 16. júní kl. 14. Umsjónarmenn verða Alfa og Halla. Skráning er á skrifstofu félagsstarfsins á Hlaðhömrum kl. 13-16 þar sem bolir verða einnig afhentir. Heiðursmenn afhenda verðlaunapening og rós að lokinni göngu/hlaupi. ATH: Vegalengd verður miðuð við getu hvers þátttakanda.

Handverksstofurnar á Hlaðhömrum

verða lokaðar frá og með föstudegi 19. júní til og með þriðjudags 23. júní, vegna sumarferðar eldri borgara að Kárahnjúkum.

Þátttakendur í Kárahnjúkaferðinni!

Lagt verður af stað frá Hlaðhömrum kl. 9 að morgni föstudagsins 19. júní. Vinsamlega mætið um það bil korteri fyrir brottför. Sjáumst hress, Svanhildur.

522-2222

- Tilboð alla daga -

TVÍSTURINN

16" PIZZA

með 2 áleggðalegundum
& 2 l. Coke

1.990kr



**Besti vinur
bragðlaukanna**

ekta ostur, eldbakstur & ástríða



ELD **HÚSIÐ**
Pizzabakari



Skírt, fermt eða gift í Lágafellskirkju?

Unnið er að afmælisriti um Lágafellskirkju, sem átti 120 ára afmæli fyrr á þessu ári. Í því sambandi er leitað að gömlum myndum af kirkjunni og innan úr henni, ekki síst frá því fyrir árið 1956 þegar hún var stækkuð. Vafalaust hafa slíkar myndir, ef til eru, verið teknar við athafnir í kirkjunni, svo sem skírn, fermingu, brúðkaup eða jarðarför, og gætu því leynst í myndasöfnum viðkomandi fjölskyldna.

Það væri umsjármönnum hins fyrirhugaða afmælisrits mikill akkur ef myndir af þessu tagi fyndust og leyfð yrðu afnot af þeim í þessu samhengi. Vinsamlega hafið samband við: Birgi D. Sveinsson í síma 566 6174, birgird@ismennt.is eða Sigurð Hreiðar í síma 566 6272, auto@simnet.is.



Sumartónleikar á Gljúfrasteini

Á sunnudaginn hófst stofutónleikaröð Gljúfrasteins, fjórða árið í röð. Tónleikarnir eru haldnir alla sunnudaga kl. 16 í júní, júlí og ágúst. Það myndast alltaf sérstök stemming á tónleikunum, enda umhverfið og andrúmsloftið sérstaklega skemmtilegt. Aðgangseyrir er 500 krónur og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Sunnudaginn 14. júní verður Kristján Kristjánsson, KK, með tónleikadagskrá sumarsins má finna á www.gljufasteinn.is

Úrslit í hugmynda-samkeppni kynnt

Þann 16. júní verður tilkynnt um úrslit í hugmyndasamkeppni um menningarhús og kirkju í miðbæ Mosfellsbæjar. Alls bárust 32 tilögur sem dómnafnd fer nú yfir en Mosfellsbær og Lágafellssókn efndu til samkeppninnar.



Hestamannafélagið Hörður bauð bæjarstjórn og nefndarfólki í reiðtúr

Ég sé um hestinn, þú sérð um hnakkinn



Blikastaðahringurinn riðinn í góðu veðri. Eins og sést á myndunum skemmti fólk sér vel í árlegum bæjarstjórnarreiðtúr í boði Harðar.

Hugmyndir fæðast í Frumkvöðlasetri Mosfellsbæjar

Frumkvöðlar að störfum

Tveir frumkvöðlar eru komnir með aðstöðu á Frumkvöðlasetri Mosfellsbæjar og vinna nú að viðskiptahugmyndum sínum. Um er að ræða mjög spennandi hugmyndir sem báðar tengjast Mosfellsbæ og íslenski ull en þó gerólíkar. „Nokkrir aðilar hafa komið við eða hringt til okkar eftir leiðsögn og handleiðslu. Þeir hafa verið boðnir velkomnir til skrafs og ráðagerða og leiddir í gegnum fyrstu skrefin með hugmyndir sínar, en hafa ekki átt erindi inn á

setrið sjálft ennþá,” segir Elín Reynisdóttir í Frumkvöðlasetrinu.

Nokkrar spennandi umsóknir eru í farvatninu og er von á þeim mjög fljótlega. „Við finnum fyrir mikilli jákvæðni og forvitni hjá bæjarbúum sem er mjög skemmtilegt og greinilegt að setur af þessu tagi setur nýtt líf í bæinn. Fyrir þjóð sem lendir í svona erfiðleikum eins og við erum í núna felast tækifæri til að taka næsta skref og það þarf að gerast strax. Því er frumkvöðlastarf og nýsköpun



Elín Reynisdóttir og Inga Hrönn Guðmundsdóttir að störfum á setrinu.

mjög mikilvæg á þessum tímum,” bætir Elín við.

Frumkvöðlasetur Mosfellsbæjar er með aðsetur í V6 Sprotahúsi að Völuteigi 6 og er öllum velkomið að líta við sem eiga góðar hugmyndir.

Nýtt utanvegahlaup haldið í fyrsta skipti á morgun

Hlaupið á sjö tinda

Nýtt og krefjandi utanvegahlaup, 7 tinda hlaupið í Mosfellsbæ, verður hlaupið í fyrsta sinn á morgun, 13. júní. Í boði eru tvær hlaupaleiðir, önnur er um 37 km þar sem farið verður á sjö tinda umhverfis Mosfellsbæ en hin er styttri, um 17 km þar sem hlaupið verður á þrjá tinda. Hlaupið hefst kl. 10 við Lágafellslaug. Hlaupið er utanvega um fjöll, heiðar og dali og komið aftur í mark við Lágafellslaug.

Hin árlega 7 tinda ganga Skátafélagsins Mosverja verður haldin sama dag. Skátar ljúka öllum tindum á einum sólahring og er almenningi boðið að koma með eða ganga leiðina hver á sínum hraða. Leiðin er merkt.

Utanvegahlaup hafa notið sívaxandi vinsælda undanfarin ár. „Það er saga í þessu líka, nóbelskaldið á hægri hönd og Egils saga á vinstri hönd. Svo er hlaupið fram hjá eina



kúabúinu á Reykjavíkursvæðinu,” segir Elías Nielsson íþróttarfræðingur og einn skipuleggjenda hlaupsins.

Það eru Mosfellsbær, Skátafélagið Mosverjar og Björgunarsveitin Kyndill sem halda hlaupið.

Skráning og nánari upplýsingar eru á www.hlaup.is.



Kveikt í dekkjum á endurvinnslustöð

Mikinn reykt lagði frá endurvinnslustöð Sorpu aðfaranótt miðvikudags. Eldur logaði í dekkjagámi á svæðinu og kom slökkviliðið á staðin um kl. 01. Grunur leikur á að um fíkkju hafi verið að ræða. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem kveikt er í rusli á endurvinnslustöðinni.

MÚSMOS

Tónleikar í Kvosinni!!

We Made God

Mammút

Sleeps like an Angry Bear

Blæti

Vidburðartorg:

Street ball

Skate park

kafari.is

Ástráður

o.fl.

Retro Stefson

At Dodge City

Ghost Aircraft

Mushcream

Amperсанд

Blinking Numbers

Furry Strangers

Two Tickets to Japan

Naflakusk

o.fl.

Kynnir: Dóri DNA

Útítónleikar á Álafossi

Ungir Mosfellingar ásamt fleirum stíga á svið

Laugardaginn 13. júní kl. 14.00 til 20.00

Adgangur er ókeypis

ÍBÚAR ÁLAFOSSKVASARINNAR



MOSFELLSBÆR






Umferðareftirlit við grunnskólana

Lögreglan hefur verið við umferðar- og hraðaeftirlit á götum Mosfellsbæjar síðustu daga. Ómerktar lögreglubífreidar með myndavélabúnað hafa verið staðsettar ma. í Baugshlíð og á Skólbraut. Um er að ræða götur sem liggja við grunnskóla bæjarins og hámarkshraði er 30 km. Tíu voru staðnir að hraðakstri í Baugshlíð en enginn á Skólbraut á þeim klukkutíma sem mælingarnar fóru fram.



Reykjalundur er til fyrirmyndar

Reykjalundur varð á dögum í 4. sæti í vali SFR á fyrirmyndarstofnun ársins. SFR - stéttarfélag í almannajöfnustu hefur staðið fyrir könnunni síðustu árin á meðal félagsmanna. Yfir 200 manns starfa á Reykjalundi en þar fer fram alhliða endurhæfing sem miðar að því að bæta lífsgæði, færni og sjálfsbjargargetu þeirra sem þangað leita. Reykjalundur er stærsta endurhæfingarstofnun landsins.



Inga Elín með ný verk í Listasalnum

Nú stendur yfir sýning í Listasal Mosfellsbæjar á verkum Ingu Elínar. Inga Elín hefur starfað sem myndlistarmaður frá árinu 1988 og var útnefnd bæjarlistamaður Mosfellsbæjar árið 1997. Sýningin stendur til 27. maí og er aðgangur ókeypis.

Mikið af óskilamunum safnast upp í skólanum

Allt í röð og reglu hjá Birnu

Birna Björnsdóttir starfar sem skólaliði í Lágafellsskóla ásamt því að sjá um óskilamuni skólans. Bládamadur fékk ábendingu af einkar góðu skipulagi Birnu á óskilamuninum og ákvað að heimsækja hana og taka hana tali.

„Það er alveg með ólíkindum hvað safnast mikið upp af óskilamunum,” segir Birna þegar hún er spurð hvort þetta sé mikið magn sem hún þurfi að fara í gegn um. „Þegar ég fer yfir þessa muni þá byrja ég á að taka frá allt sem er merkt, ég er svo með

nemendalista hjá mér og kem þessu til viðkomandi barna. Allt sem verður eftir tek ég svo og þvæ, raða því í sérstaka kompu sem ég hef til afnota, húfur sér, peysur sér og svo framvegis svo það sé auðveldara að leita eftir muninum.” En hvað skildi verða um þá muni sem eftir verða er skólaári líkur? „Þeir eru sendir beint í Rauða krossinn og koma eflaust af góðum notum þar,” segir Birna sem greinilega hefur mikla ánægju af sínu starfi.

ruth@mosfellingur.is



ORÐIÐ ER LAUST...

Hér gefst lesendum kostur á að láta skoðanir sínar í ljós í stuttu máli. mosfellingur@mosfellingur.is

Þrjár spurningar

Mig langar að koma með þrjár spurningar til viðkomandi aðila hjá bænum.

1. Við erum mjög ánægð með það að geta aftur fengið garðlönd í Skarhólamýri. Þar hefur verið malbikaður vegur, væntanlega fyrir óbyggð iðnaðarhúsnæði en endar inni miðjum kálgörðunum!

Skarhólabrautin er hinsvegar illa akfær, hversvegna er sá vegur ekki lagaður? Virðist ekkert hafa verið viðhaldið svo árum skiptir. Íbúar sem búa í efri byggðum á Reykjamelunum gætu stýtt leið sína til og frá heimilum ef þarna væri akfær vegur.

2. Af hverju er ekkert eftirlit haft með því að íbúar húsa innst í götu noti ekki svæði (sem bifreiðum er ætlað að snúa við á) sem einkabílastæði?

3. Hver er réttur gangandi vegfarabði þegar íbúar venja sig á að leggja bílum sínum fyrir framman bílskúrana og yfir gangstétt? Það er bara gangstétt annars vegar, af þessu er slysaætla fyrir börn á hjólam og alla gangandi vegfarendur. Myndar blindu fyrir nálæga bíla.

Væri fínt ef svör fengjst við þessum vangaveltum, með bestu kveðjum.

Hulda



3. bekkingar taka þátt í evrópsku samvinnuverkefni

Vatn, vatn allstaðar

Í 3. árgang í Lágafellsskóla hefur verið unnið með skemmtilegt verkefni um vatn. Verkefnið nefnist Vatn, vatn allstaðar og er Comeníusar samstarfsverkefni nokkurra grunnskóla í fimm löndum í Evrópu. Nemendur hafa skoðað, teiknað, unnið með, gert tilraunir o.s.frv með vatn við ólíkar aðstæður og fræðst mikið og miðlað vitneskju og reynslu.

Andrea Rún, Aníta Agnes, Brynja Rögn og Emma Íren eru í 3. LT og segja okkur aðeins frá verkefninu.

Næst þurrast í Mosfellsbæ

„Við í 3. bekk erum búin að vera að vinna í Comeníusarverkefni, sem er vatnsverkefni, í allan vetur með krökkum frá öðrum löndum, Þýskalandi, baskahéraði á Spáni, Slóvakíu og Wales. Við gerðum ýmsar tilraunir með vatn, t.d. juggum við til bát úr blaði og settum hann í vatn í bala og notuðum svo uppþvottalög og settum smá út í vatnið, við það flúði báturinn frá sápunni.

Við gerðum mælingar á rigningarvatni í Mosfellsbæ í fjóra mánuði og bárum saman við hina skólana í hinum löndunum, það kom okkur á óvart að ekki var mesta rigningin í Mosfellsbæ heldur vorum við næst þurrast. Við teiknuðum og máluðum allskyns myndir sem tengjast vatni. Við vorum líka mikið úti í snjónum og rigningunni og gerðum tilraun og könnuðum snjókörnina.

Engin tvö snjókörn alveg eins

Niðurstaðan var að engin tvö snjókörn eru alveg eins. Við gerðum líka ótrúlega skemmtilega tilraun með mismunandi tegundir af vatni, fórum í fjöruferð og náðum í sjó í krús, kranavatn og rigningarvatn og gerðum athugun á mismuninum. Sjórinn er skítugri, saltur og gufar upp í hita. Svo sendum við tölvupóst og myndir af okkur og fáum líka myndir og tölvupóst frá hinum.

Lærdómsríkt og skemmtilegt

Það er mjög skemmtilegt að vinna í svona verkefni, við lærum ótrúlega mikið um vatn á Íslandi og í öðrum löndum. Svo kynnumst við krökkum. Við munum líka vinna að þessu verkefni í 4. bekk á næsta ári.”

Þess má geta að heimasíða verkefnisins er www.waterwater.ik.org

Garðapjónusta Helga

Mosfellsbæ

Tökum að okkur alhliða garðvinnu fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

Komum á staðinn og gerum tilboð í verk að kostnaðarlausu.

Helgi Þór Guðjónsson
Sími: 867 4740



ÞJÓNUSTUFULLTRÚÍ

Fjölbreytt og krefjandi starf í Þjónustuveri Mosfellsbæjar

Mosfellsbær óskar að ráða þjónustufulltrúa í fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Starf þjónustufulltrúa felst í móttöku viðskiptavina, símsvörum og upplýsingagjöf, skönnun og skráningarvinnu auk almennra skrifstofustarfa. Nauðsynlegt er að viðkomandi, karl eða kona, hafi fagaða framkomu, ríka þjónustulund, metnað og nákvæmni í vinnubrögðum.

Reynsla af sambærilegum skrifstofustörfum er mjög æskileg ásamt góðri íslensku- og tölvukunnáttu.

Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

Umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðu Mosfellsbæjar, www.mos.is, sjá: Stjórnsýsla/umsóknir, og þurfa umsóknir að hafa borist fyrir 15. júní nk.

Frekari upplýsingar veitir Valgerður Sigurðardóttir, þjónustustjóri, í síma 525 6700.



Góður lífeyrir - ávisun á betra líf

Hjá okkur færðu viðbótarlífeyrissparnað:

- Með trygðan höfuðstól í evrum auk 2,25% ávöxtun að lágmarki
- Með ævilangan lífeyri svo lengi sem þú lifir
- Hjá fjármálafyrirtæki með yfir 125 ára reynslu
- Mun öruggara en kauphallarviðskipti

Pantaðu tíma strax í ráðgjöf



Sparnaður • Heiðar Kristinsson

Holtasmára 1 • 201 Kópavogur

Sími: 577 2025

Fax: 577 2032

GSM: 822 4242

Netfang: heidar@sparnadur.is

Veffang: www.sparnadur.is

Bayern Líf.

VER SICH ER KAMMER BAYERN

Finanzgruppe



Fiskbúðin Mos

GRILLUM FISK Í SUMAR



EINFALDARA EN ÞÚ HELDUR

FERSKUR FISKUR

KÍKTU Á STRÁKANA Í FISKBÚÐINN OG FÁÐU RÁÐLEGGINGAR

TILBÚINN BEINT Á GRILLIÐ

OPIÐ MÁN-FÖS KL. 10-19



Fiskbúðin Mos

Háholti 13-15

(milli Krónunnar og Mosfellsbakarís)

Magnús Már spáir í fótboltasumarið

Magnús Már Einarsson fótboltasérfræðingur Mosfellings fer hér yfir fótboltasumarið 2009. Magnús Már er ritstjóri þeirrar vinsælu síðu Fótbolti.net og er með puttana á púlsinum. Magnús rýnir hér í gengi meistaraflokka Aftureldingar og ræðir við þjálfara liðanna. Meistaraflokkur kvenna leikur með sameiginlegu liði Aftureldingar/Fjölnis í Pepsi deild og karlarnir leika í 1. deild.



Sameiginlegt lið með Fjölni

Afturelding og Fjölnir sameinuðu kvennalið sín í nóvember síðastliðnum. Ráðið var öflugt þjálfarateymi en Guðrún Jóna Kristjánsdóttir tók við liðinu og Hlynur Áskelsson (Ceres 4) er henni til aðstoðar. Í sumar verða sex heimaleikir á Varmárvelli en þrír heimaleikir liðsins fara fram á Fjölnisvelli.



Miklar breytingar á kvennaliðinu

Miklar breytingar urðu á liði Aftureldingar og Fjölnis eftir sameininguna síðastliðað haust. Margir leikmenn hurfu á braut en þá komu einnig nýir leikmenn inn. Erlendu leikmennirnir Clare Sykes, Amanda Johansson, Tori Gikas og Julia komu allar rétt fyrir mót og þá kom Margrét Þórólfsdóttir einnig frá KR. Clare Sykes hefur leikið mjög vel en hún var valin leikmaður 4. umferðar á Fótbolta.net. Þá hefur Amanda einnig verið á skotskónum og er nú þegar komin með fjögur mörk í sumar.



» FÓTBOLTASUMARIÐ - MEISTARAFLOKKUR KVENNA Í PEPSI-DEILD



Sameinað lið Aftureldingar/Fjölnis hefur farið vel af stað í Pepsi-deildinni

Bætum okkur í hverjum leik

Miklar breytingar hafa orðið hjá meistaraflokki kvenna síðan flautað var til leiksloka á síðasta keppnistímabili.

Liðið sameinaðist Fjölni og miklar breytingar urðu á leikmannahópnum en erlendu leikmennirnir sem léku með Aftureldingu í fyrra eru nú allar horfnar á braut.

Góð byrjun á sumrinu

Gareth O'Sullivan hætti sem þjálfari og tók við KR en í hans stað tók Guðrún Jóna Kristjánsdóttir við þjálfun Aftureldingar/Fjölnis.



Guðrún Jóna Kristjánsdóttir

Fjórir erlendir leikmenn bættust í leikmannahópinn rétt fyrir mót og vel hefur gengið það sem af er tímabilinu.

Eftir sex umferðir er Afturelding/Fjölnir með tíu stig í sjötta sæti deildarinnar eftir sigra gegn KR, GRV og Keflavík.

HEIMALEIKIR Á VARMÁRVELLI

9. maí	UMFA/Fjölnir - Stjarnan 1-6
23. maí	UMFA/Fjölnir - KR 3-1
16. júní	Afturelding/Fjölnir - Þór/KA
10. júlí	Afturelding/Fjölnir - Keflavík
8. sept.	Afturelding/Fjölnir - GRV
27. sept.	Afturelding/Fjölnir - Valur

„Ég er nokkuð ánægð með byrjun tímabilsins og við höfum spilað vel og bætt okkur í hverjum leik,” sagði Guðrún Jóna en Aftureldingu var spáð 8. sæti í sumar.

Markið sett hátt

Guðrún Jóna vill ekki gefa upp hvert markmiðið fyrir sumarið er en segir stefnuna setta eins hátt og möulegt er.

„Við settum okkur markmið sem við viljum halda fyrir okkur innan hópsins. En það er samt þannig að við förum í hvern einasta leik til þess að vinna og ætlum okkur að spila vel og hala inn eins mörg stig og við

getum og sjáum hverju það skilar okkur í lok tímabilsins.”

Ánægð með stemminguna

Guðrún Jóna hefur verið ánægð með stemminguna á heimalaikjunum í Mosfellsbæ.

„Já, ég hef verið mjög sátt með hana þó svo að maður vilji alltaf fá fleira fólki á völlinn. Það er staðið vel að öllu í kringum leikina og umgjörðin er mjög góð og ég vil þakka fólki fyrir að mæta og vonast til að stemmingin haldi áfram að vera svona góð og að enn fleiri mæti á völlinn til þess að styðja stelpurnar,” sagði Guðrún Jóna.

Taka má undir orð hennar og hvetja Mosfellinga til að mæta og styðja stelpurnar í sumar en næsti leikur er gegn Þór/KA á Varmárvelli næstkomandi þriðjudagskvöld kl. 19:15.



Kynslóðaskipti hjá Hvíta Riddaranum

Hvíti Riddarinn er lið sem lengi hefur verið viðloðandi íþróttavelli Mosfellsbæjar en það var stofnað af áhugasömum fótboltaköppum upphaflega í utandeildinni og síðar í 3. deildinni. Síðasta sumar voru svo kynslóðaskipti þegar að ungir Mosfellingar tóku við keflinu af þeim eldri sem höfðu borið liðið uppi.

Leikmannahópurinn í ár er mjög svipaður og í fyrra



og leikmennirnir yngri en 23 ára. Í vor gekk Riddaranum vel en liðið fór í úrslit í C deild Lengjubikarsins þar sem liðið þurfti að lúta í gras gegn Árborg í úrslitaleik að viðstöddu fjölmenni á Varmárvelli. Eftir gott gengi í Lengjubikarnum var Hvíta Riddaranum spáð öðru sæti í sínum riðli í 3. deildinni í sumar. Liðið byrjaði hins vegar illa í deildinni og tapaðu naumlega gegn Skallagrími og Berserkjum en um síðustu helgi hrökk Riddarinn í gang og burstaði KFK 8-1 á Varmárvelli.

Í VISA-bikarnum sigraði Hvíti riddarinn lið Léttis í fyrstu umferð en tapaði síðan 3-0 gegn Njarðvík á



» FÓTBOLTASUMARIÐ - MEISTARAFLOKKUR KARLA Í 1. DEILD



Ásættanleg byrjun hjá körlunum og Ólafur þjálfari vill sjá fleiri áhorfendur

Markmiðið að sanna okkur

Meistaraflokkur karla vann sér sæti í 1. deild að nýju síðastliðið haust eftir að hafa leikið í 2. deildinni undanfarin fimm ár. Frekar litlar breytingar eru á liðinu frá því í fyrra miðað við oft áður, erlendu leikmennirnir Paul Clapson og John Andrews sömdu aftur við félagið og þá barst góður liðsstyrkur rétt fyrir mót þegar að þrír nýir leikmenn komu inn í liðið.



Halda okkur í 1. deild

Markmiðið í sumar er að festa sig í sessi í fyrstu deildinni að nýju. „Markmiðið verður að tryggja sæti sitt í deildinni, fá stöðugleika í liðið og vekja athygli Mosfellinga á knattspyrnu,” sagði Ólafur Ólafsson þjálfari Aftureldingar en liðinu er spáð 10. sæti í sumar.

Afturelding vann Fjarðabyggð á útivelli í fyrsta leik og hefur gert jafntefli við Hauka og KA í fyrstu

HEIMALEIKIR Á VARMÁRVELLI

22. maí.	Afturelding - Haukar	1-1
29. maí.	Afturelding - KA	0-0
21. júní	Afturelding - Víkingur R.	
3. júlí	Afturelding - Selfoss	
14. júlí	Afturelding - Leiknir R.	
18. júlí	Afturelding - Fjarðabyggð	
24. júlí	Afturelding - Víkingur Ó.	
7. ágúst	Afturelding - ÍA	
18. ágúst	Afturelding - ÍR	
28. ágúst	Afturelding - HK	
12. sept.	Afturelding - Þór	

tveimur heimaleikjunum. Þá tapaði liðið naumlega gegn Víkingi Ólafsvík og ÍA og uppskeran er því fimm stig eftir fimm leiki en Afturelding er einnig komið í 32-liða úrslit VISA-bikarsins þar sem að KA eru næstu mótherjar.

Áttum skilið stig á móti ÍA

„Ég er þokkalega sáttur. Við erum nýliðar í þessari deild og vissum að það yrði á brattann að sækja þannig að 5 stig úr 5 leikjum er ásættanlegt.

Eini leikurinn sem maður hefði vilj- að fá meira úr var leikurinn á móti Skaganum þar sem mér fannst við eiga skilið að fá stig,” sagði Ólafur.

Mosfellingar fjölmenni á leiki

„Mér finnst ótrúlegt að í 8000 manna bæjarfélagi skuli ekki vera betri mæting á heimaleiki. Maður skilur ekki að fólk skuli ekki koma og styðja betur við bakið á bæjarliðinu. Í síðasta leik á móti KA voru held ég innan við 100 áhorfendur sem er hneyksli í svona stóru bæjarfélagi.

Það furðulega er að það mættu fleiri Mosfellingar upp á Skaga en á síðasta heimaleik,” sagði Ólafur en vonandi er að Mosfellingar taki við sér, láti í sér heyra og hvetji Aftureldingu til sigurs í næsta heimaleik gegn Víkingi Reykjavík sunnudaginn 21. júní kl. 18.



Ólafur Ólafsson

Varmárvöllur kominn í toppstand

Meistaraflokkar karla og kvenna munu leika á grasvöllinum að Varmá í ár en ekki á gervigrasinu eins og í fyrra. Þá lék karlaliðið alla leiki á gervigrasi og kvennaliðið var einnig á gervigrasinu stóran hluta sumars. Ráðinn hefur verið nýr vallarstjóri á Varmárvelli og hann mun sjá um að völlurinn verði í flottu standi í sumar ásamt vösku starfsliði sem vinnur á vellinum.

Nokkrir nýir leikmenn bætast við

Nokkrir nýir leikmenn komu í her- búðir Aftureldingar fyrir tíma- bilið. Kevin Walsh kom frá Bandaríkjun- um, Baldur Þórólfsson frá Val, Örn Kató



Hauksson frá Fram, Milan Djurovic frá Hamar, Alexander Hafþórsson frá Reyni og Arnar Harðarson kom frá Hvíta ridd- aranum. Nokkrir leikmenn fóru einnig og má þar helst nefna Illuga Þór Gunnarsson og Tómas Joð Þorsteinsson sem voru á láni í fyrra. Þeir leika nú í Pepsi- deildinni með liðum sínum, Fjölni og Fylki.



Glæsileg umgjörð á heimaleikjum

Umgjörðin á heimaleikjum meistaraflokka karla og kvenna verður glæsileg í sumar líkt og áður. Hilmar og Steindi Jr. sjá um að kynna leikmenn og fræða áhorfendur um það hvað er í gangi, þekktir einstaklingar heilsa leikmönnum fyrir leiki og þá hafa stuðningsmenn fært sig upp á skaftið á leikjum karla- liðsins og sett stóla á hlaupa- brautina þar sem þeir hvetja liðið af miklum móð.

útivelli. Njarðvíkingar leika í 2. deild og þurftu að hafa fyrir sigrinum en okkar menn fengu nokkur fín færi og hefðu auðveldlega getað skorað í leiknum. Leikirnir í 3. deild karla eru á um það bil viku fresti og næsti leikur er gegn KV í Vesturbænum í kvöld.

Laugardaginn 20. júní er síðan næsti heimaleikur en þá kemur KFG í heimsókn á Varmárvöll og miðað við frammistöðu síðustu leikja má búast við sprækum Riddurum sem eru reiðubúnir að berjast til sigurs á vellinum. Viljum við þá hvetja alla Mosfellinga sem hafa áhuga á að sjá skemmtilega knattspyrnu til að mæta á völlinn og styðja ungu strákana okkar til sigurs í næsta leik og þeim næstu.



Anna Hlín Sekulic hefur sungið frá því hún man eftir sér. Hún hreppti annað sætið í Idol-stjörnuleit í ár og stefnir að því að vinna við tónlist í framtíðinni.

Umvafin tónlist alla tíð

Anna Hlín fæddist í Reykjavík 21. maí 1985 og ólst upp í Mosfellsbæ. Hún hefur einstaklega þægilega nærveru, er róleg og yfirveguð en þó er greinilegt að undir rólegu yfirborðinu býr metnaður, kraftur og mikil sköpunargleði.

Frá barnsaldri hefur hún sungið mikið og var fljót að átta sig á að það er það sem hún vill gera. Hún tók þátt í ýmsum hæfileikakeppnum í barnaskóla en fyrsta söngvakeppnin sem hún tók þátt í var Söngvakeppni félagsmiðstöðva, hún gerði sér lítið fyrir og vann þá keppni fyrir hönd Bólsins aðeins fjórtán ára gömul.

„Það var mikið spilað og sungið á mínu heimili alla mína barnæsku svo það má segja að ég hafi verið umvafin tónlist alla tíð,” segir Anna Hlín er ég spyr hana út í tónlistarárhugann. Ég var ekki há í loftinu þegar ég fór að klæða mig upp með slæðum, skartgripum og í hælaskóm af Ingu ömmu minni, náði mér svo í hárbursta eða skrúfjárn og hélt svo tónleika í stofunni fyrir foreldra mína og ömmu og afa, þetta var mjög gaman og yndislegt að rifja þetta upp” segir Anna Hlín og skelli-hlær.

Með Eyjólfi Kristjáns á plötu

Anna Hlín er dóttir Theódóru Marinósdóttur og Zivadíns Sekulic frá Serbíu en stjúpfaðir hennar Stefán Jónsson hefur alið hana upp frá unga aldri. Hún er elst þriggja systkina, þeirra Andreu sem er fædd 1989 og Hjalta sem er fæddur 1995. Hún gekk í Varmárskóla og síðan Gagnfræðaskóla Mosfellsbæjar en eftir skyldunám lá leiðin í Iðnskólann í Reykjavík í hárgreiðslu.

„Ég fann fljótt út að það nám sem ég valdi mér átti ekki við mig svo ég hætti og fór að vinna,” segir Anna Hlín.



Fjölskyldan á Spáni árið 2006. Darrel, Anna Hlín, Stefán, Hjalti, Theódóra og Andrea.



„Tónlistin átti hug minn allan og ég tók þátt í sýningum á Broadway, Motown og Shockwave auk þess að syngja inn á plötu með Eyjólfi Kristjánssyni sem heitir Stjörnur.

Aðstandendur erlendu tónlistarmannanna í Shockwave buðust til að aðstoða mig í tónlistinni og ég sló til og keypti mér miða til New York. Það má segja að þar hafi ég byrjað

Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURINN
ruth@mosfellingur.is

að sinna tónlistinni fyrir alvöru.”

Gifti sig í New York

„Eftir að ég kom heim aftur þá kynntist ég tónlistarmanninum Maximum sem tók mig undir sinn verndarvæng og hjálpaði mér mikið í tónlistinni, þar fékk ég að fullvinna efni út í ystu æsar,” segir hún glöð í bragði.

„Ég kynntist eiginmanni mínum á þessum tíma, hann heitir Darrel A. Lewis og er tónlistarmaður og upp-tökustjóri en hann vann náði með Maximum. Það var mikill heiður fyrir mig að hitta á svona reynda og hæfileikaríka tónlistarmenn og fá að vinna allt í sameiningu með þeim

Við Darrel vorum einungis vinir til að byrja með en svo þróaðist þetta út í alvöru samband. Hann er frá New York og við giftum okkur þar árið 2005. Ég á eina stjúp dóttur sem heitir Hrafnhildur Eternity Lewis sem er 8 ára og er algjör engill, hún býr með móður sinni í Grafarvogi.”

Fjölskyldan flutti til Spánar

„Stuttu eftir brúðkaupið fluttum við til Spánar en þar hefur fjölskylda



mín búið s.l fimm ár. Ég starfaði þar með hljómsveit og Darrel spilaði körfubolta. Einnig nýtti ég tímann til að semja tónlist og svo ferðudumst við víða. Árið 2007 fluttum við síðan búferlum aftur til Íslands eftir tveggja ára búsetu á Spáni.”

Idol-stjörnuleit

Ég spyr Önnu Hlín út í Idol stjörnuleit, hvernig hafi staðið á þátttöku hennar þar? „Fjölskylda mín og vinir voru oft búin að hvetja mig til þess að taka þátt í Idolinu en mér fannst ég einhvern veginn aldrei tilbúin til að taka það skref fyrr en núna,” segir Anna Hlín. „Ég skráði mig og skellti mér ein í prufurnar og lét engan vita að ég væri að fara að taka þátt í keppninni.

Mig langaði til að koma sjálfri mér og tónlist minni á framfæri og ég tel mig hafa náð því markmiði, ég átti ekki von á að komast svona langt í keppninni. Það var vissulega sjokk að tapa en ég er mjög sátt við annað sætið. Það var mikil lífsreynsla að taka þátt í Idolinu og ég sé alls ekki eftir því. Það var vel að þessari keppni staðið og starfsfólkið sýndi okkur keppendum mikinn stuðning allan tímann.

Nú er bara að halda áfram á tónlistarbrautinni sem ég hef lagt hart að mér að komast á. Ég vil fá að nota tækifærið og þakka Mosfellingum og nærsveitarmönnum fyrir stuðninginn og fyrir að hafa komið mér svona langt í keppninni, ég met það mikils og verð ævinlega þakklát,” segir Anna Hlín sem sannarlega á framtíðina fyrir sér í söngnum.

Myndir: Ruth Örnólfs og úr einkasafni.



Bæjarhátíðin „Í túninu heima“ verður haldin dagana 28. – 30. ágúst.

Vinsamlega hafðu samband að loknum þessum lestri til eftirfarandi: Netfang: dadithor@internet.is eða í síma: 663-9225.

Kynning á starfsemi í sýningarbás ()
Tónlistarflutningur ()
Skemmtiatriði ()
Annað og þá hvað:



www.mos.is



Sigraði á fyrsta stigamóti ársins

Magnús Lárusson, GKJ gerði sér lítið fyrir og sigraði á fyrsta stigamóti ársins sem fram fór á Hólmsvelli. Lék Magnús völlinn á samtals 140 höggum (71-69) eða fjórum höggum undir pari. Þá náðu þeir Sigurpáll Geir Sveinsson (76-69) og Kristján Þór Einarsson (75-70) að vera í 5.-8. sæti en þeir náðu sér ekki á strik seinni daginn.



Sigurlið '72 árgangsingis að móti loknu.



Ekki fer milli mála hvaða ár þessir fæddust.

Árgangamót í fótbolta fór fram á Tungubökkum Besti árgangurinn

Helgina 23.-24. maí var haldið árganga-fótboltamót á Tungubökkum. Þarna komu saman ungir sem aldnir Aftureldingarmenn sem spiluðu forðum á mölinni við íþróttahúsið og á skólalóð Varmáarskóla. Eftir mikla fagnaðarfundi skelltu menn sér í treyturnar og spiluðu fótbolta sem aldrei fyrr.

Það voru 11 lið skráð til leiks og spilað í tveimur riðlum. Þeir elstu voru fæddir 1964 og þeir yngstu 1984. Það var blandað lið af strákum fæddum 1972 og 1973 sem sigraði mótið. Í öðru sæti var árgerð 1970.

Nokkrir árgangar hafa þegar hafið æfingar fyrir næsta mót og ætla sér



ekkert nema sigur. Namo heildverslun gaf alla bolta og vesti fyrir mótið og erum þeim færðar miklar þakkir fyrir.



Kobbi krókódill og Hanna hafmeyja

Sundnámskeið Kobba krókódils og Hönnu hafmeyju byrjaði af miklum krafti þann 4. júní og stendur yfir til 19. júní. Mörg börn sækja námskeiðið hjá Svövu Ýr og Siggeiri sem endra nær og mikil gleði og einbeiting skein úr augum barnanna þegar ljósmyndari mætti í Varmárlaug. Börnin koma með sínum leikskólakennurum með rútu beint úr leikskólanum en Mosfellsbær býður upp á þá þjónustu foreldrum að kostnaðarlausu. Aldeilis frábært framtak það.

20. stórhátíð Gogga galvaska

Goggi galvaski, stórhátíð frjálsíþróttamanna fer fram í Mosfellsbæ sagana 19.-21. júní. Goggi galvaski er fyrir 14 ára og yngri en fyrsta mótið fór fram árið 1990. Goggi galvaski, hefur haft það að leiðarljósi allt frá byrjun að skemmta sjálfum sér og að gestir hans skemmti sér vel yfir hátíðisdagana í leik jafnt sem keppni. Goggi galvaski veit að þessi hátíð kveikir oft áhuga á því að stunda frjálsar íþróttir um ókomin ár. Goggi er nokkuð rögginn með það að flestir af nógverandi landsliðsmönnum og -konum í frjálsíþróttum byrjuðu sinn feril einmitt hjá sér að Varmá.



Stúlkurnar úr P-2 unnu bronsið á vormóti FSÍ

Glæsilegur árangur hjá fimleikastúlkum

Stúlkurnar úr P-2 í Fimleikadeild Aftureldingar gerðu sér lítið fyrir og hrepptu bronsverðlaun á Vormóti Fimleikasambands Íslands á dögnum. P-2 er næstelsta keppnislið Aftureldingar en liðið skipa stúlkur á aldrinum 10-12 ára. Stúlkurnar hafa getið sér gott orð í keppnum á undanförunum árum og hafa öðlast töluverða keppnisreynslu. Þær hafa einnig unnið til fjölda verðlauna þrátt fyrir ungan aldur. Alls tóku 30 lið frá 9 félögum þátt á mótinu og var þéttskipuð dagskrá.



Afturelding og Eld Húsið í samstarf

Knattspyrnudeild Aftureldingar og Eld Húsið hafa gert með sér samstarfssamning. Samningurinn var undirritaður í hálfleik í leik meistaraflökks karla s.l. föstudag af Halli Jónasyni framkvæmdastjóra Eld Hússins og Hönnu Símónardóttur knattspyrnudeild. Heldur betur fengur fyrir knattspyrnudeild að hefja samstarf við glæsilegt fyrirtæki í heimabyggð, enda vita báðir samningaaðilar að knattspyrnufólk á vel skilið góða pizzu af og til milli hörku leikja og erfiðra æfinga.



Svíar í heimsókn

Dagana 21.-25. maí fékk 4. fl. drengja í knattspyrnu heimsókn frá Gautaborg í Svíþjóð. Svíarnir, 30 drengir ásamt tíu fullorðnum, gistu í eldri deild Varmáarskóla og stunduðu sínar knattspyrnuæfingar á gervigrasinu. Strákarnir fóru á eina sameiginlega æfingu og spiluðu á stuttu móti á Tungubökkum ásamt gestaliði frá Gróttu. Svíarnir fóru heim á mánudagsmorgninum og voru mjög ánægðir með móttöguna sem þeir fengu hér í Mosfellsbæ. Kærar þakkar til allra þeirra sem tóku þátt í að undirbúa komu þeirra.

Nýr framkvæmdastjóri Aftureldingar

Gyða Árný Helgadóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Aftureldingar. Hún tekur við af Ernu Reynisdóttur sem hefur gegnt því starfi um árabíl en starfar nú hjá Framhaldsskóla Mosfellsbæjar. Gyða hefur starfað sem fjármálastjóri GK glugga síðustu ár.



ÓKEYPIS NÁMSKEIÐ Í SKYNDIHJÁLÞ

Getur þú hjálpað þegar á reynir?

Vissir þú að oftast eru það vinir eða ættingjar sem fyrstir koma á vettvang þegar einhver slasast eða veikist alvarlega? Stutt skyndihjálparnámskeið getur gert þér kleyft að bjarga mannlífi þegar mínútur skipta máli.

25. júní kl. 18-22 verður boðið upp á 4 klst. skyndihjálparnámskeið sem er ætlað öllum þeim sem vilja læra grunnatriði skyndihjálpar og sálræns stuðnings og öðlast lágmarksfærni í að veita slösuðum eða veikum aðstoð í bráðatilfellum.

Vertu viðbúin/n á ferðalaginu í sumar!

Þátttakendur fá viðurkenningu frá Rauða krossi Íslands og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Skráning og upplýsingar í netfangi
kjos@redcross.is og síma 898-6065.



Félagar í Ungmennafélaginu Ungir Sveinar (UMFUS) gerðu sér lítið fyrir og gengu á hæsta tind Íslands, Hvannadalshnjúk, þann 21. maí.



TILNEFNINGAR TIL UMHVERFISVIÐURKENNINGA

Almenningur og fyrirtæki geta tilnefnt þau svæði eða fyrirtæki í Mosfellsbæ til umhverfisviðurkenningar Mosfellsbæjar sem þeim finnst skara framúr í umhverfismálum.

Gjaldgengir eru allir garðar, götur, lóðir, stofnanir og fyrirtæki í Mosfellsbæ. Eyðublöð til tilnefningar má nálgast í þjónustuveri Mosfellsbæjar og á www.mos.is eða tilnefna rafrænt á heimasíðu Mosfellsbæjar www.mos.is

Til að koma til álita við veitingu viðurkenningarinnar þarf svæði eða fyrirtæki að hafa skarað fram úr á einu eða fleiri eftirtöldum sviðum:

- 1. Ásýnd umhverfis** - Hvernig er heildarásýnd umhverfis? Er umhverfi fallegt og snyrtilegt?
- 2. Umhirða lóðar** - Hvernig er umhirða á lóðinni sjálfri, er gras slegið vel og reglulega, baklóð?
- 3. Umhirða trjágróður** - Hvernig er umhirða trjágróður, er trjágróður vel klipptur og snyrtur?
- 4. Umhirða blóma og beða** - eru blóm vel snyrt og falleg? Eru beð vel hirt og laus við arfa?
- 5. Hönnun og skipulagning lóðar** - Er svæði sérstaklega vel hannað, s.s. með tilliti til notkunar eða umhverfisins?
- 6. Ásýnd húsnæðis og bygginga** - Er húsi, bílskúr eða öðrum byggingum á lóðinni vel við haldið?
- 7. Áhersla á umhverfismál** - Er áhersla lögð á umhverfismál, er hugað að úrgangsmálum og mengunarvörnum?
- 8. Staða úrgangsmála og mengunarvarna** - Er úrgangur endurninn, endurnýttur, takmarkaður? Eru mengunarvarnir í lagi?

Tilnefningum skal skilað til þjónstuvors Mosfellsbæjar, þverholti 2, 270 Mosfellsbæ, fyrir 15. júlí n.k. Einnig má skila tilnefningum með tölvupósti til umhverfisstjóra Mosfellsbæjar á netfangið tomas@mos.is Sérfræðingar bæjarins og umhverfisnefnd Mosfellsbæjar munu í framhaldinu skoða innkomnar tilnefningar og veita viðurkenningu þeim garði/lóð/fyrirtæki sem þeim finnst skara framúr.

www.mos.is


MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

ÁGÆTI KATTAEIGANDI

Að gefnu tilefni skal kattaeigendum bent á samþykkt um kattahald sem finna má á heimasíðu Mosfellsbæjar.

Í samþykkinni segir m.a.:

- 2. gr.** Ef köttur veldur nágrönnum eða öðrum ónæði, óþrifum eða tjóni, þá ber eiganda eða forráðamanni að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt. Kattaeigendur eru ábyrgir fyrir því tjóni sem kettir þeirra sannanlega valda.
- 3. gr.** Alla ketti skal merkja með ól um hálsinn, eða á annan sambærilegan hátt, þar sem fram koma upplýsingar um eiganda, heimilisfang og símanúmer.
- 4. gr.** Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma, með því að hengja bjöllu á ketti og takmarka útiveru katta.

Eigendur katta eru því hvattir til að tryggja að kettir þeirra séu ekki á flækingi og af þeim stafi ekki ónæði og óþrifnaður.

Dýraeftirlitsmaður hefur umboð til að handsama villiketti og þá ketti sem eru ómerktir.



Dýraeftirlit
Mosfellsbæjar



Sumarbúðir KFUM og KFUK vinsælar

Tæplega eitthundrað börn úr Mosfellsbæ hafa verið skráð í sumarþúðir KFUM og KFUK í sumar en félagið rekur 5 sumarþúðir í Vatnaskógi, Vindáshlíð, Ölveri, Kaldárseli og Hólavatni. Dvalarflokkar sumarþúðanna eru frá 4 dögum og upp í heila viku og eru flokkarnir aldursskiptir og henta börnum 6-17 ára. Í sumarþúðunum er skemmtileg og fjölbreytt dagskrá m.a. fótbolta- og brennókeppnir, leikir, sköpun, útvíst og óvæntar uppkomur. Á hverjum degi eru samverustundir með söng og biblíusögum og á hverju kvöldi eru hinar sívinsælu kvöldvörur Nánari upplýsingar um sumarstarfið má finna á www.kfum.is og eða í Þjónustumiðstöð KFUM og KFUK í s. 588 8899.



TF-MOS endaði út í skurði á Flúðum

Flugvél Flugklúbbs Mosfellsbæjar TF-MOS stórskemmdist í flugóhappi á Flúðum á dögnum. Flugvélin, af gerðinni Cessna 170-B, fór út af flugbrautinni á Flúðaflugvelli eftir landingu í hliðarvindi. Vélin fékk á sig snarpa vindhviðu sem gerði það að verkum að flugmaðurinn missti stjórn á flugvélinni. Flugvélin hafnaði á hvolfi í skurðinum og stórskemmdist en flugmaðurinn sem var einn í vélinni slapp ómeiddur.

HÓTEL LAXNES

Starfskraftur óskast við þríf á hótelinu.

ÁSLÁKUR

Óskum eftir starfsfólki á bar og í eldhús.

Upplýsingar gefur Albert í síma 866-6684.



Lokahátíðir Lágafellsskóla og Varmárskóla

Grunnskólunum slitið

Nemendur grunnskólabæjarins eru nú komnir í sumarfrí. Hér má sjá nokkrar myndir frá skólaslitum og hátíðarhöldum á lokadegi skólaársins.



Samskiptaverðlaun til 4. bekkinga

Við skólaslit 4. árgangs í Lágafellsskóla voru afhent verðlaun fyrir færni í samskiptum. Samskiptaverðlaunin eru árlega veitt þeim einstaklingum í 4. bekk sem þykja skara framúr í samskiptum að mati samnemenda og kennara. Rotaryklúbbur Mosfellsveitar gefur þessi verðlaun og fulltrúar klúbbsins afhentu einum nemanda úr hverjum 4. bekk áletraðan platta í viðurkenningarskyni fyrir sérstaka færni í samskiptum.

Á myndinni eru Sigríður Johnsen og Hilmar Sigurðsson frá Rotaryklúbb Mosfellsveitar ásamt þeim sem hlutu samskiptaverðlaunin að þessu sinni; Björgvin Heiðar, Yrsa Björt, Berglind Rós og Sunna Líf.



Þjóðhátíðardagur á Tungubökkum

Þann 17. júní býður Flugklúbbur Mosfellsbæjar bæjarbúum í kaffi og meðlæti á flugvelli á Tungubökkum. Ef veður leyfir munu félagar klúbbsins einnig fara með þá sem þess óska í útsýnisflug um nágrenni bæjarins. Byrjað verður að hita kaffið um klukkan 10:00 og heitt verður á könnunni framundir kvöld. Flugklúbbur Mosfellsbæjar var stofnaður af um 20 flugáhugamönnum í sveitinni í lok maí 1981 en félagar klúbbsins í dag eru tæplega 130. Á Tungubökkum eru sjö flugskýli, sem hafa að geyma tæplega 20 flugvélar, auk félagsheimilis klúbbsins. Flugklúbburinn heldur félagskvöld einu sinni í viku öll fimmtudagskvöld í sumar.



Vinsælt þrjónakaffi á Kjalarnesi

Þar sem þrjónakaffi eru mjög vinsælt um þessar mundir ákvað sóknarnefnd Brautarholtssóknar að standa fyrir slíkum kvöldum. Undirtektirnar hafa vægast sagt verið frábærar og hittast um 20 konur tvisvar sinnum í mánuði, í Fólkvangi á Kjalarnesi, þ.e. fyrsta og þriðja miðvikudag hvers mánaðar, milli kl. 20-22. Sífellt fleiri konur bætast í hópinn, jafnvel úr öðrum sveitarfélögum, og eru flestar sammála um að það að hittast, skiptast á hugmyndum, spjalla, þrjóna og drekka kaffi er orðinn fastur punktur í tilverunni og kvöldið líður hratt. Ekki verður tekið sumarfrí, en örugglega einhverju skemmtilegu þrjónað við þegar þannig stendur á. Einnig er stefnt að því að grilla samana, halda einhver þemakvöld með haustinu þar sem boðið verður upp á sýnikennslu er viðkemur handavinnu. Nánari upplýsingar veitir Arndís Guðmundsdóttir, s: 825 1341.

[ekkileitalangtyfirskammt]

Ertu að fara að stofna fyrirtæki eða fara í gang með verkefni?
Hefur þú hæfileika og vantar þig verkefni?

Borð stóll og internet 25 þúsund krónur

Innifalið:

IP sími, vistun gagna og afritun, tölvuráðgjöf og þjónusta

DK bókhaldshugbúnaður, ráðgjöf og kennsla

Frí heimasíða með Google teljara

Frír Microsoft hugbúnaður

Lögfræðiráðgjöf, kennsla og þjónusta

Einkaleyfisráðgjöf

Frumkvöðlahandleiðsla

Hópalausnir V6 og útvistun hugmynda

[V6] sprotahús
www.v6.is

skráning

Vinnustofa Þóru á Hvirfli í Mosfellsdal



Listmunir
í miklu úrvali

Þóra Sigurþórsdóttir leirlistarkona - sími 5667098 – 8200321

BÍLAR VIKUNNAR

www.isband.is
www.100bilar.is

**JEEP GRAND CHEROKEE
LAREDO V8**, 305 hö new,
nýr bíll, sjálfskiptur, krókur,
rafmagn í rúðum og
spegllum, fleiri litir og týpur
í boði, verð frá aðeins
4990 þús. kr.



ÍSLENSK-BANDARÍSKA | ÞVERHOLTÍ 6 | SÍMI 534 4433 | ISBAND@ISBAND.IS



**Land Rover Range Rover
Sport HSE**, árg. 2007, 4.4
bensín 300 hö, sjálfskiptur,
Einn með öllu á ótrúlegu
verði, tilboðsverð aðeins
5900 þús. kr.
Ásett verð 8490 þús. kr.



100 BÍLAR | ÞVERHOLTÍ 6 | SÍMI 517 9999 | 100BILAR@100BILAR.IS



Nýir
Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum
Mosfellingum ásamt helstu
upplýsingum á netfangið
mosfellingur@mosfellingur.is



Slæm rekstrarniðurstaða Mosfellsbæjar

Mikil frávik frá rekstrar- og fjárhagsáætlun ársins er einkennandi fyrir ársreikning Mosfellsbæjar 2008.

Hvort sem lítið er til áætlaðra fjárfestinga, rekstrartekna eða gjalda sýnir ársreikningur Mosfellsbæjar fyrir árið 2008 mikil frávik frá upphaflegri áætlun ársins 2008. Rekstrar- og fjárhagsáætlun A og B hluta Mosfellsbæjar fyrir árið 2008 gerði ráð fyrir rekstrarafgangi eftir fjármagnsliði upp á 736 millj. Hinsvegar varð niðurstaða ársreiknings neikvæð um 168 millj. sem er ein versta niðurstaða sem bæjarfélagið hefur staðið frammi fyrir. Þessa slæmu niðurstöðu má að hluta til rekja til óhagstæðra ytri aðstæðna en fjármagnsliðir reyndust rúmum 500 millj. hærri en upphaflega var áætlað.

Samtals gerði upphafleg áætlun ársins ráð fyrir fjárfestingu í skólmannnvirkjum að upphæð 663 millj. en samkvæmt ársreikningi reynist hún vera 426 millj. eða um 64% af upphaflegri áætlun.

Sama er uppá teningnum er varðar rekstur B hluta en þar hljómaði áætlunin upp á 263 millj. en var í raun 127 millj. eða rétt innan við 50% af upphaflegri áætlun.

Rekstraráætlunin gerði ráð fyrir að eigið fé yrði 48% í árslok en endaði í 31% sem er um 35% frávik frá upphaflegri áætlun.

Það er því í raun sama hvert lítið er frávikin eru mjög mikil.

Við í B-listanum gagnrýndum þessi miklu frávik frá upphaflegri rekstraráætlun í bókun okkar sem sjá má á www.mosfellsfrettir.is jafnframt gagnrýndum við uppsetningu ársreikningsins enda er honum stíllt upp með endurskoðaðri áætlun frá því á loka vikum ársins en það gefur alls ekki skýra mynd.

Fjárhagsáætlun er eitt mikilvægasta stjórnþæki sveitarfélaga og því nauðsynlegt að hafa upphaflega fjárhagsáætlun til hliðsjónar í ársreikningi m.a. til mats á hversu vel hafi tekist til enda segir það oft mun meira en ný endurskoðuð fjárhagsáætlun sem jafnan er stíllt upp miðað við raunveruleikan eins og hann liggur fyrir.

Skuldir aukast en skuldastaða er vel viðráðanleg.

Mosfellsbær er í raun ekki mjög skuldsett bæjarfélag og hefur notað



„góðæri“ undanfarinna ára til að greiða niður skuldir eftir mikið uppbyggingartímabil fyrri ára. Því er ólíku saman að jafna í samanburði við önnur nágranna sveitarfélög sem mörg hver hafa þurft að leysa til sín lóðir fyrir hundruð milljóna og jafnvel milljarða en það hefur haft veruleg áhrif á rekstur þeirra og skuldsetningu. Þessu er ekki svo farið um Mosfellsbæ, sveitarfélagið hefur í gegnum árin ekki staðið í landakaupum og lóðabraski og því að mestu leyti sloppið við lóðaskil og endurgreiðslur.

Langtímaskuldir eru 3,4 milljarðar og hafa þó vaxið um tæpan milljarð frá árinu 2007 en skammtímaskuldir hafa líka aukist allnokkuð eða um tæpan milljarð.

Skammtímaskuldir eru samkv. ársreikningnum 1000 millj. meiri en veltufjármunir í A og B hluta sem veldur ákveðnum áhyggjum og hlýtur að kalla á endurfjármögnun þeirra sem fyrst.

Lækkandi tekjur og óvissa til framtíðar lítið.

Erfitt er að spá um framtíðina þó segja megi að fjárhagsstaða bæjarins sé viðunandi þá eru blíkur á lofti. Lækkandi tekjur vegna efnahagsástandsins kalla á aukið aðhald en mikilvægt er að það bitni ekki á grunnþjónustunni.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal hvert sveitarfélag semja og fjalla um þriggja ára fjárhagsáætlun. Áætlunin skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Ein af megin forsendum þriggja ára áætlunar er spá fyrir um íbúabróun og nýbyggingar í sveitarfélaginu næstu árin.

Í þriggja ára ætlun Mosfellsbæjar 2010-2012 er gert ráð fyrir 116 milljóna rekstrartapi árið 2010, 7,5 milljóna rekstrarafgangi árið 2011 og 135 milljóna rekstrarafgangi árið 2012.

Síðan þessi áætlun var samþykkt í bæjarstjórn hefur margt skýrst og ljóst að ýmsar forsendur áætlunarinnar ganga ekki eftir og því nauðsynlegt að endurmeta spána enda ljóst að ýmsar tekjur eru talsvert ófáætlaðar.

Marteinn Magnússon,
bæjarfulltrúi

Ársreikningur Mosfellsbæjar

168 millj. kr. halli

Ársreikningur Mosfellsbæjar fyrir árið 2008 var afgreiddur á fundi bæjarstjórnar þann 27. maí s.l. Niðurstaða A og B hluta ársreikningsins er 168 millj. kr. halli sem er einhver sú versta niðurstaða sem bæjarfélagið hefur staðið frami fyrir. Orsakir þessarar niðurstöðu má að mestu leyti rekja til versnandi ástands í efnahagsmálum landsins á síðasta ári sem endaði með bankahruninu síðari hluta ársins.



mikla uppbyggingaráttak sem átti sér stað m.a. í aðstöðu grunnskóla og leikskóla sem og íþróttaaðstöðu í tíð fyrrum meirihluta vinstri manna í bæjarstjórn Mosfellsbæjar. Áætlanir sem þá voru gerðar fólu það í sér að loknu þessu uppbyggingarátaki gæfist rúm til að greiða niður skuldir og gengu þær áætlanir eftir.

Rétt forgangsöröðun

Eins og flest önnur sveitarfélög stendur Mosfellsbær nú frami fyrir erfiðum rekstri í því efnahagsástandi sem við nú búum við og erfiðum ákvörðunum og því mikilvægt að rétt sé forgangsraðað. Gott samstarf og sátt hefur skapast í bæjarstjórn Mosfellsbæjar um fjárhagsáætlun yfirstandandi árs á grunni þess að vernda grunnþjónustu sveitarfélagsins við íbúana. Af hálfu bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar hefur því verið lýst yfir að svo geti verið áfram á sama grunni sem feli í sér öfluga stuðningsþjónustu við þá sem höllum fæti standa námslega, félagslega og efnalega.

Jónas Sigurðsson,
bæjarfulltrúi Samfylkingar

Umferðaröryggi á Kjalarnesi

Litlu mátti muna 3. júní síðastliðinn er tveir drengir, 5 og 6 ára, skruppu yfir Vesturlandsveginn í ævintrýraleit hinu megin. Þeir sluppu yfir veginn í fyrri ferðinni án vandræða en á bakaleiðinni mátti engu muna að annar hefði orðið undir vöruflutningabíl. Og það má heita kraftaverk að eftir 30 metra bremsuför þar sem bílstjórinn gerði sitt ítrasta til að forðast slys að drengurinn slapp, og munaði einungis u.þ.b 1/2 metra. Vitni að atburðinum voru lengi að jafna sig eftir þessa upplifun.

Mér sem foreldri og íbúa á Kjalarnesi blöskrar að þurfa að búa við það ófremdarástand umferðaröryggismála sem ríkir á Vesturlandsvegi við Grundarhverfi.

Þess ber þó að geta að eitthvað hefur áunnist í þessum málum á þeim 18 árum sem þetta málefni hefur brunnið á íbúum hverfisins eftir hörmulegt slys sem varð hér á Vesturlandsvegi ofan við hverfið.



Umferðarþungi hefur aukist jafnt og þétt og nú er svo komið að fjöldi bíla er þannig að búast má við bíl á fimm sekúndna fresti á háanna-tíma. Það er skýlaus krafa af minni hálfu að öryggi gangandi vegfarenda sé tryggt á þessu svæði með viðunandi hætti. Menn vilja meina að það þurfi ekki að vera svo dýr framkvæmd að setja manngeng undirgöng undir veginn í námunda við Klébergsskóla. Bændur úr Hvalfirði hafa sagt mér af undirgöngum undir Hvalfjarðarveginn fyrir nautgripi þar í sveit!!!! Hvað með börnin mín?!

Hverfisráð Kjalarness í samvinnu við íbúasamtök Kjalarness boðar til áriðandi fundar um umferðaröryggismál á Kjalarnesi. Fundurinn verður haldinn í Fólkvangi Kjalarnesi, föstudaginn 12. júní og hefst kl. 20 og hvetjum við alla íbúa Kjalarness till þess að fjölmenna á fundinn!

Theódór Theódórsson

MOSFELLINGUR

NÆSTA BLAÐ KEMUR ÚT 10. JÚLÍ

MOSFELLINGUR

Mosfellingur kemur út í sumar sem hér segir:
Föstudaginn 10. júlí og föstudaginn 21. ágúst

Skilafrestur efnis og auglýsinga er fjórum dögum fyrir útgáfudag á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is

Hið pólitíska vistkerfi

Tré eru stórar fjölærar trjáplöntur. Tré eru yfirleitt með einn áberandi stofn sem ber greinarnar og þar með laufskrúðið hátt uppi. Flest tré eru langlíf og sum geta orðið mörg þúsund ára gömul og náð yfir 100 metra hæð. Róttin heldur þeim föstum og aflar þeim vatns og steinefna.



Landsfundir ríkisstjórnarflokka anna voru haldnir með pompi og pragt í aðdraganda síðustu kosninga. Almennt má gera því skóna að landsfundir stjórnmalaflokka hafi í það minnsta tvíþættan tilgang. Annars vegar að taka ákvarðanir um helstu stefnumál og hins vegar að vekja athygli á málstað og tilvist framboðsins. Sá síður hefur auk þess komist á að landsfundir stjórnmalahreyfinga hafa æðsta vald í öllum málefnum þeirra. Svo er einnig með Vinstrihreyfinguna - grænt framboð og Samfylkinguna.

Mikill fjöldi flokksmanna sátu umrædda landsfundi þessara tveggja flokka. Tæplega 1.100 greiddu þátttökugjald hjá Samfylkingunni og samkvæmt heimasíðu VG var síðasti landsfundur sá „langfjölmennasti til þessa“. Það hlýtur að teljast líklegt að sá hópur manna sem situr landsfundi stjórnmalaflokka sé fólkið í flokknum, eða baklandið sem oft er vísað til sem grasrótur. Því mætti

halda því fram að þær ályktanir sem landsfundirnir samþykkja endurspeglar vilja hins almenna flokksmanns.

Þegar litið er á þær ályktanir sem umræddir landsfundir hafa samþykkt kemur m.a. í ljós að Samfylkingin vill „að leitað verði sanngjarnra leiða til að skipta ófyrirséðu tjóni milli lántakenda og lánveitenda vegna efnahagshrunsins og hækknarverðtrygginga lána því samfara.“

Vinstrihreyfingin - grænt framboð tekur í svipaðan streng og „fundurinn skorar á ríkisstjórnina að leita leiða til að lækka höfuðstól húsnæðislána eða frysta hluta hækknar höfuðstóls lána vegna verðbóluskotsins. Einnig að gerð verði tímasett áætlun um afnám verðtryggingar. Ekki verði gengið lengra í innheimtu skulda en að lánastofnun leysi til sín veðsetta eign.“ Auk þess kemur fram að „landsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs skorar á fjármálaráðherra að beita sér fyrir rannsókn á útreikningi verðbóta á lán hjá Reiknistofu bankanna. Dregið verði fram í dagsljósið hvort um tvívöxtun sé að ræða og hvaða útreikningar standi á bak við hana. Til verksins verði skipuð 5 manna nefnd með fulltrúum frá fjármálaráðuneyti, viðskiptaráðuneyti, Neytendasamtökunum, Hagsmunasamtökum heimilanna og oddamanni skipuðum af

forsætisráðherra. Nefndin fái sérfræðinga til að annast útreikninga og skýra þá fyrir almenningi.“

Það að ofangreindar ályktanir hafi hvorki ratað inn í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs né inn í 100 daga áætlun stjórnarinnar vekur upp ákveðnar spurningar um siðrof af hálfu forystu þessara flokka gagnvart grasróttinni, fólkinu sem er róttin og lífæð flokkanna.

Hvernig stendur á því að ríkisstjórn sem er ætlað að „leiða til öndvegis ný gildi jöfnuðar, félagslegs réttlætis, samhjálpar, sjálfbærrar þróunar, kvenfrelsis, siðbótar og lýðræðis“ sniðgengur með öllu vilja grasrótarinnar í þessum efnum? Eða hvernig ætlar ríkisstjórnin annars að starfa „með þessi gildi að leiðarljósi í því skyni að skapa norrænt velferðarsamfélag á Íslandi, þar sem almannahagsmunir eru teknir fram yfir sérhagsmunir“?

Spyr sá sem ekki veit.

Þórður Björn Sigurðsson



María útskrifaðist á Söngvaseiði

María Ólafsdóttir, nemandi í 10 bekk Lágafellsskóla, var komið skemmtilega á óvart á sviði Borgarleikhússins á dögunum. Að lokinni sýningu birtist skólastjóri Lágafellsskóla auk umsjónakennara hennar og nánustu fjölskyldu og útskrifuðu Maríu frá skólanum. María fékk að auki verðlaun fyrir góðan árangur í íslensku og viðurkenningu fyrir hæstu einkunn stúlku á grunnskólaprófi frá Soroptimistaklúbbi Mosfellsbæjar.

María gat ekki verið viðstödd útskriftina sína sem fram fór fyrir um daginn sökum anna á sviði Borgarleikhússins þar sem hún leikur Lovísu Von Trapp í Söngvaseiði. Að vonum vakti þessi uppkoma mikla athygli og María hæst ánægð með þessa óvenjulegu útskrift úr 10. bekk.

Í pizzum erum við bestir!

Allar sóttar pizzur eru með 30% afslætti

OPNUNARTÍMI Í JÚNÍ

Sunnudaga 13-22

Mánudaga til fimmtudaga 11-22

Föstudag og laugardag 11-23

>>VELDU ÍSLENSKT



Sjö Hróa Hattar staðir
Eitt símanúmer 55 44444



**Sá flottasti
í bænum**

Ökukennsla
Gylfa Guðjónssonar
Sími: 696 0042

Rétt hjá JOA

Réttingar og sprautun

Flugumýri 16d
s. 577-1377 / 896-9497

Fékkstu endurskoðun ?



**Komdu með bílinn til okkar og við
gerum hann kláran í skoðun**

BREMSUR - GORMAR - DEMPARAR
RYDBÆTUR - BLETTUN - MÁLUN
SMÁRÉTTINGAR - SMURNING OFL

ALLAR ALMENNAR VIÐGERÐIR

B&T

Völuteigur 11 - 270 Mosfellsbæ - 565 5333 - bogt@internet.is



Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum
ásamt helstu upplýsingum á netfangið
mosfellingur@mosfellingur.is

Mosfellsbær skrefi fram

Haustið 2008 hlaut Varmárrskóli styrki frá Menntamálaráðuneyti og K.Í fyrir verkefnið „Íþróttir fyrir alla“. Verkefni þetta er samstarf-sverkefni Varmárrskóla (7. – 10. bekkur) og ELDINGAR – LÍKAMS-RÆKTAR. Hugsunin á bak við verkefnið er að koma til móts við þá nemendur sem ekki finna sig í hefðbundnum skólaíþróttum.

Nemendur þessir voru valdir í samráði við íþróttakennara, kennara og foreldra þeirra og hafa nemendur sjálfir í auknu mæli sóst eftir að komast í þessa þjónustu. Þessum nemendum gefst kostur á að æfa undir leiðsögn íþrótt- og lýðheilsufræðings í líkamsræktarsal íþróttahússins á skólatíma í stað hefðbundinna skólaíþróttar. Áhersla er lögð á að gera æfingarnar skemmtilegar og við hæfi og getu hvers og eins.

Nemendum er ráðað saman í hópa eftir árgöngum og inniheldur hver hópur frá einum upp í átta nemendur.



MARKMID:

- að auka ástundun, áhuga og virkni hjá þeim nemendum sem ekki hafa fundið hreyfingu við sitt hæfi.
- að auka og styrkja sjálfsmynd nemenda með aukinni hreyfingu og breyttu viðhorfi til hreyfingar.
- að koma til móts við þá nemendur sem þurfa á sértækri aðstoð að halda með einstaklingsmiðuðum æfingum; við hæfi og getu hvers og eins.

Það vita allir hversu mikilvæg hreyfing er fyrir andlega-, líkamlega og félagslega heilsu nemenda. Samkvæmt skýrslunni *Ungt fólk 2006* sem Rannsókn & Greining gefur út, kemur fram að þeir nemendur

LÝÐHEILSUHORNID

sem hreyfa sig meira ná betri árangri í námi, líður betur og eru ekki eins líklegir til að stunda áhættu-hegðun.

Með þessu verkefni erum við að koma til móts við þarfir nemenda og samfélagsins í heild. Brottfall nemenda úr skólaíþróttum eykst með hækkandi aldri. Vottorðum og leyfum fjölga. Nauðsynlegt er að skólar bjóði upp á sértæka aðstoð fyrir þá nemendur sem ekki geta sótt skólaíþróttir og koma til móts við þarfir þeirra eins og gert er í bóklegum fögum. Teljum við því þetta verkefni vera hvetjandi fyrir aðra skóla til að gera slíkt hið sama.

Afrakstur:

- Betri skóli
- Forvörn
- Bætt líðan nemenda
- Betri mannauður

f.h lýðheilsuhópsins í Mosfellsbæ;
Halla Heimisdóttir íþrótt- og lýðheilsufræðingur.

ALLT HEFUR ÁHRIF - EINKUM VIÐ SJÁLF



Global-tæki ehf
– þú ert með heiminn í hendi þér

Viðgerðir – smurþjónusta

Allar almennar viðgerðir og smurþjónusta á vinnuvélum
Vörubílum – sendibílum – jeppum og fólksbílum.

Flugumýri 14, 270 Mosfellsbær – símar: 544-2090 / 820-8483
www.global-tæki.com



FJÖLSKYLDU
2.380,-
TILBOÐ

SNÆLAND VIDEO

★★★★★

4 Hamborgarar, franskar og 2 l. Coke

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti



Þarftu að breyta eða bæta heima hjá þér, utandyra sem innan?
Tökum að okkur pallasmíði, viðhaldsvinnu og sérsníði.

Álafossvegur 27 - s. 586-8356 (verkstæði) - fax 586-8357
s. 894-0006 (Gunnar) - ishamar@ishamar.is

Garðapjónusta Helga

Mosfellsbæ

Tökum að okkur alhliða garðvinnu fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

Komum á staðinn og gerum tilboð í verk að kostnaðarlausu.

Helgi Þór Guðjónsson
Sími: 867 4740



ÁLAFOSS
Verslun, Álafossvegi 23

WWW.ALAFOSS.IS

Tökum að okkur alla almenna jarðvinnu og yfirborðsfrógang.



JARÐMÓTUN EHF

Flugumýri 18d, 270 Mosfellsbæ 5 586 8060 & 892 0989 t-póstur elias@jardmotun.is

VOTTORÐ FYRIR BURÐARVIRKISMÆLINGAR



Fullkominustu grindarréttinga- og mælitæki sem völ er á hér á landi

Á vinnubrögðum vorum sést að vel er hönnuð iðjan og nýja tækni nýtir best Nýja Bílasmíðjan

Flugumýri 20
270 Mosfellsbæ
Sími: 566 8200-566 8201
Fax: 566 8202
Netfang: nybil@centrum.is



BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

ÁGÆTI HUNDAEIGANDI

Að gefnu tilefni skal hundaeigendum bent á samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ, (sjá reglugerð á www.mos.is/stjórnsýsla/samþykktirogreglur)

4. gr - Almennt um skyldur hundaeigenda:

Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum.

Á almannafæri er hundaeiganda skylt að fjarlægja saur eftir hund sinn/hunda sína á tryggilegan hátt.



Fylgst er sérstaklega með lausagöngu hunda og þeir hundar fjarlægðir sem nást lausir á almannafæri.

Dýraeftirlit Mosfellsbæjar

Heyrst hefur...



...að Söðlasmiðurinn hafi verið rændur um tvo rándýra hnakka um hábjartan dag.

...að það séu 440 manns atvinnulausir í Mosfellsbæ.

...að Kiddi á Bjargi sé 45 ára í dag.

...að Guðmundur í Byrginu hafi verið handtekinn á heimili sínu í Mosfellsbæ á dögnum og færður til afplánunar.

...að Bjarni Bjé og Þóra eigi von á sínu fyrsta barni.

...að Dabbi Svans sé að fara spila handbolta í Noregi á næstu leiktið.

...að Mosfellingurinn Mist hafi ekki kunnað við að fagna marki sínu fyrir KR gegn Aftureldingu.

...að kvennahlaupið verði haldið í tuttugasta skipti laugardaginn 20. júní. Mosfellskar konur hittast að Varmá kl. 11.

...að Addi Andrésar sé að verða pabbi.

...að hátt í 900 manns hafi mætt á Sálarballið í íþróttahúsinu.

...að KK spili á stofutónleikum á Gljúfrasteini á sunnudaginn.

...að Beta í Varmadal hafi á dögnum haldið veglega upp á 40 ára afmælið.

...að Alfa sé komin á fast.

...að handboltakappinn Reynir Ingi sé að fara gifta sig um helgina.

...að Mosfellingurinn Björn Tyler hafi orðið Norðurlandameistari með U18 landsliðinu í körfunni.

...að Magnús Már og Hrafn séu mættir í handboltann í Mosó á nýjan leik.

...að hljómsveitin Mammút sé meðal þeirra hljómsveita sem spila á MúsMos 2009 í Kvosinni.

...að Kjarnesingar ætli að grípa til mótmælaaðgerða í kvöld við Vesturlandsveginn og krefjast betra umferðaröryggis.

...að Bjarki Már og Kolla eigi von á sínu þriðja barni.

...að Einar Roth eigi afmæli í dag.

...að efnileg ungmenni sem hlutu styrk frá Mosfellsbæ megi ekki stunda aðra vinnu í sumar.

...að Aftureldingarvarningur sé nú til

Drekaskátar á Úlfsljótsvatni



Laugardaginn 6. júní lögðu 25 vaskir drekaskátar af stað á Drekaskátamót. Þar var skemmt sér ásamt drekaskátum frá öðrum skátafélögum langt fram á kvöld. Vatnasafarið með drullu og ísköldu vatni ásamt klifurveggnum ógurlega voru án efa hápunktar dagsins sem endaði á kvöldvöku og skátakakói áður en haldið var heim á leið. Það voru þreyttir og útteknir drekaskátar sem komu heim seint um kvöldið með bros á vör eftir góðann endir á skátastarfi vetrarinn.

Hótel mamma

Villikisan á Hótel Laxnesi sem skýrð var „Lóla“ hefur nú tekið sér bólfestu á herbegi hótelsstjórans. Áður var henni gefið að borða undir berum himni en hún hefur nú alið kettlinga. Hún var lengi mjög stýgg en lætur nú strjúka sér með augun galopinn og fylgist með hverri hreyfingu. Hótelstjórinn hefur gengið á hana um að borga leigu en hún haggast ekkert.



Í eldhúsinu



Humar forréttur

HJÁ STEINUNNI

Steinunn Þorkelsdóttir íþróttatræðingur og kennari gefur okkur uppskrift að þessu sinni að dýrindis Humar forrétti.

„Þessi uppskrift er tekin upp úr vikunni fyrir mörgum árum síðan,“ segir Steinunn. Alltaf þegar við fjölskyldan ætlum að gera okkur dagamun kemur þessi réttur alltaf fyrst upp í hugann. Þetta er sniðugur forréttur, mjög auðveldur og góður. Gott er að bera hann fram með köldu hvítvíni.

3-4 Humrar á mann (meðalstórir)
1 pk Chilihnetur (fást í nammibarnum í Hagkaup)
1 pakki af Fajitas-kökum
1 dós avocado sósa
Salat blandað með tómötum.

Humarinn er tekinn úr skelinni og honum velt upp úr chilihnetum sem búið er að mauka niður steikt upp úr smjöri á meðalhita, gott að salta pínulítið. Fajitas-kökurnar eru skornar í 8 hluta olía sett í pott og þær djúpssteiktar þar til þær verða stökkar.

ORÐIÐ ER LAUST...

Hér gefst lesendum kostur á að láta skoðanir sínar í ljós í stuttu máli. mosfellingur@mosfellingur.is



Vantar ruslatunnur

Ágæti Mosfellingur. Þannig er að ég geng daglega með hundinn minn um allan bæinn þverann og endilangann. Að sjálfsögðu tek ég ávallt með poka ef vera skyldi að hundurinn skyldi eitthvað eftir sig. Til þess að gera langa sögu stuttu stendur bærinn sig alls ekki í ruslakassa málum. Sjái ég ruslakassa á staur er næsta víst að í hann vantar botninn og dágóður slatti af alls kyns rusli liggjandi undir viðkomandi ruslakassa. Þetta er algjörlega óþolandi í ljósi þess að í hverjum einasta Mosfellingi er auglýsing frá Dýraeftirliti Mosfellsbæjar þar sem hundeigendum er upplagt að, m.a að fjarlægja saur eftir sinn hund! Það er með ólíkindum að ekki skuli vera betur gert af bæjarins hálfu hvað ruslakassa varðar. Sennilega ætti þetta bréf frekar heima á bæjarskrifstofunni en hér, en ég held ég tali fyrir alla hundeigenda í Mosó hvað þetta varðar!

Kristín Jónsdóttir



Borið fram með salati, humarinn er settur ofan á salatið á disknum fajitas-kökunum er raðað í kring 4 stk á disk og að lokum er avocado sósa sett yfir ca 2 tsk. Verði ykkur að góðu.



Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is



Kolbrún fæddist 20. febrúar. Hún vó 3.340 g og var 50 cm löng. Foreldrar eru Þórhildur Katrín Stefánsdóttir og Hilmar Stefánsson Merkjateigi 8.



Lúkas fæddist 19. febrúar kl. 10:41. Hann er 3.450 g og 48 cm. Foreldrar hans eru Erla Edvardsdóttir og Viktor Viktorsson Svöluhöfða 1.



Elísa Björnsdóttir fæddist 19. mars kl. 13:59. Hún vó 3.690 g og var 52 cm. Foreldrar hennar eru Björn Hákonarson og María Ragna Aradóttir Kvíslartungu 16.



Eyþór Haukdal fæddist þann 18. febrúar. Hann var 16 merk-ur og 53 cm. Foreldrar: Arndís Þorvaldsdóttir og Sveinbjörn Sigurðsson í Byggðarholti 24.

Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is



Marta Guðrún fæddist 28. apríl. Hún var 3710 g og 51 cm löng. Foreldrar hennar eru Magnús Þór Magnússon og Guðlín Steinsdóttir, Blikastöðum 1.



Nýr Mosfellingur fæddist 19. maí. Hann var 3925 g og 53 cm langur. Foreldrar eru Inga María Ottósdóttir og Ingólfur Þorsteinsson.



Þórey Kristín fæddist 12. mars kl. 02.13. Hún vó 4085 g og var 52 cm. Foreldrar hennar eru Þýrnir Hálfðanarson og Gunnlaug Dröfn Pálsdóttir.

MOSFELLINGUR á netinu



www.mosfellingur.is

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti



FREKI EHF
NÝSMÍÐI VIÐHALD
ENDURBÆTUR

gsm. 8213899 netfang. freki@internet.is



Kaffi- og veitingahús - Háholti 14 - S. 586 8040

**Tek að mér
alla krana- og
krabbavinnu**

**Útvega öll
jarðefni**

VÖRUBILL Þ.B.

Klapparhlíð 10
Þorsteinn 822-7142



Viltu betri heilsu?
Leitaðu til ráðgjafa
með reynslu

Ragnheiður Jóhannsdóttir

Herballe ráðgjafi í Mostellsbæ

Sími: 899 9913

betriheilsa.is/ragga, raggasj@gmail.com



ÞAÐ
SEM
TIL
ÞARF



VGH
MOSFELLSBÆ
Verktaki - Vélaleiga

GSM: 896 6279 / 896 9443 / 896 2279

SPURNING TIL BÆJARBUA


Við hvað ætlar þú
að vinna í sumar?



HEKLA: Ég er að passa og
svo ætla ég í sumarbúðir.



ÖRVAR: Ég verð hjá Landsneti
að reita arfa.




GRÉTAR: Ég er með minn eigin
rekstur, Stálsmiðjuna.



ANDRI:
Við smáglæpi.



PÁLMI: Fara í ríkið fyrir Ómar
og Andra.



KJARRRI: Ég verð í Bónusvideói
eins og ávallt.



Sálar-félagar



Björninn unninn



Mussi



Tískulöggan



Muminn járnar



Elli og Bjössi



Bindismenn



Ungir sveinar



Hæ hó jibbí jei

HVERJIR VORU HVAR?

Allar myndir eru vel þegnar - mosfellingur@mosfellingur.is



Sjómanna-dags-systur



Stúðinur



Útskrifarveisla




Hljójar móttökur í Baldurslaut



Brynja og Habbý



Eddi í Alaska



Spáðu í mig



Steinnun og Beta




Gustav Van



Allt á tjá og tundri

**UNGFRÚ
MOSÓ**



Flottur jakki



AlexSandra



Reynir að flagga



Knoll og Tott

**KOLBRÚN ÝR ODDGEIRSDÓTTIR (21)
TÓK ÞÁTT Í UNGFRÚ ÍSLAND**

ÁSLÁKUR
er opin



PARTÝIÐ BÚIÐ

Maður er búinn að lesa og heyra ansi margar líkingar um ástandið og um útrásarvikingana sem komu okkur í þetta ástand. Hver þjóðfélagsfræðingurinn, og hvað nú sem allt þetta fólk kallast, á eftir öðrum hafa keppt við að lýsa þeirri klípu sem við erum í. Fyrir mér er þetta einsog lítill dæmisaga eða sorgarsaga sem mætti lýsa á þennan hátt.

Þetta er einsog ég væri að halda party og væri búinn að bjóða slatta af fólki og svo fer það að spyrjast út einsog gengur og gerist: „Hey það er party hjá Högna í kvöld!“ Svo byrjar húsið að fyllast og ég kannast ekki við helminginn af liðinu sem er mætt á svæðið. Komið er fram á kvöld, svaka stuð og síminn hringir ég verð að skreppa frá og hugsa með mér „er treystandi á að skilja allt þetta fólk eftir?“ Ég er aðeins í kominn í glas og dómgreindin kannski ekki upp á sitt besta þessa mínútuna þannig að „skítt með þetta, þetta er allt fullorðið fólk og ætti nú að vera húsum hæft.“ Ég byrja að efast hvort þetta hafi nú verið skynsamleg ákvörðun en Bakkus slær á allar slíkar vangaveltur.

En þegar heim er komið er húsið gjörsamlega í rúst. Búið að klára bjórinn og helmingurinn er í teppinu, koníaksflaskan sem ég fékk í brúðargjöf og ætlaði að geyma í 10 ár í viðbót er tóm, búið að skjóta köttinn, æla í rúmið, klósettið stíflað, fiskarnir í fiskabúrinu eru komnir í baðið og sumir svamla í eldhúsvaskinum, nágrannarnir búnir að hringja á lögguna og einhver skildi eftir sig síður skemmtilegan minjagrip í heita pottinum.

Ög allir (útrásarvikingarnir) sem komu óboðnir í partyið farnir á pöbbinn að halda áfram að skemmta sér og vilja ekki kannast við neitt þegar kemur að því að borga þrífín.

Högni Snær

SMÁAUGLÝSINGAR FRÍTT FYRIR EINSTAKLINGA

Íbúð óskast til leigu

Óska eftir 2 - 3 herb. íbúð í Mosfellsbæ. Leigutími frá sept/okt. 2009. Elínborg s. 8222460.

3-4 herbergja íbúð óskast

Fjölsk. óskar eftir að leigja 3-4 herb. íbúð, helst á jarðhæð. Reglusemi og skilvísun greiðslu um heitið. Sími 691-3668.

Til leigu

Þriggja herbergja 75 ferm. íbúð við Klapparhlíð til leigu. Getur losnað fljótt. Uppl. í s: 863-4721.

Hlaupahjól í óskilum

Við fundum hlaupahjól í gótti- unni hjá okkur, fyrir nokkru. Það er með þremur hjólum, rautt og blátt. S. 863-0299.

Bíll til sölu

Subaru impreza GL 4wd árgerð „97, ekinn 160 þ.km, sjálfskiptur, dökkgrænn, dráttarkrókur, skoðaður til 2010, verðhugmynd 350 þ. Sími. 697-4589 Jón.

Íbúð óskast til leigu

Vantar íbúð fyrir mig og strákana mína, skilvísun greiðslu, reglusemi og góðri umgengni heitið. S. 894-0617.

Íbúð til leigu

Er að leita mér að 3. eða 4. herb. íbúð í bænum. Arnar Páll, s: 8997521.

Húsnæði óskast

Einstæð móðir með 16 og 13 ára óskar eftir 3-5+ herbergja íbúð á Lágafellsskólasvæðinu. Greiðslugeta 110.000 á mán. Síma 891-9883 Sólrún Ósk ammasola@simnet.is

Húshjálp óskast

Óska eftir húshjálp til að sjá um þrif á stóru einbýlishúsi. Vinsamlegast hafið samband í síma 897-9227.

Barnapössun

Tek að mér að passa börn. Er 12 ára, ábyrg og samviskusöm. Þurfiður s: 8459473 og 8458473

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

ÖKUKENNSLA LÁRUSAR
GSM 694-7597

AKAMOS@TALNET.IS

Kenni á bíl, bifhjól eða skellinöðru!

Er með mótör-hjólakermi, frábært fyrir byrjendur

Fáir tilbóð, kenni allan daginn

Annast einnig okumat og upprifjun fyrir eldri borgara

Lárus Wöhler
löggtur ökukennari

HONDA

Verktakar Vélaleiga

Ytir ehf

gsm: 868-1346

Útvegum öll fyllingarefni

Föst verðtilboð

Leirvogstungu 7

270 Mosfellsbær

BILAPARTAR
VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ

TOYOTA NOTAÐIR VARAHLUTIR

- NYJRI HLUTIR
- VIFTUREMARI
- BREMSUKLOSSAR
- TIMAREMMAR
- SAKURSLUR
- PERUR
- KERFI
- HREINDEFNI
- OLJUR

GR/ENUMYRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS




B. Markan ehf.

Pípulagnir

660 6690

BÍLSKÚRAR • SVALIR • BAÐHERBERGI • STOFUR • ELDHÚS • VERSLANIR • IÐNAÐARHÚSNÆÐI

**Steinteppe
& epoxy
gólfefni**



SteinTeppi.is
Sími 864 6600

www.steinteppe.is | steinteppe@steinteppe.is



S. 55 44444
Þverholti 2
Kjarna

MOSFELLINGUR

GK
Snyrtistofa

Kjarna
Þverholti 2
Sími: 534 3424



KNAPAR FRAMTÍÐARINNAR

Árlegt gæðingamót Harðar fór fram á dögunum og má hér sjá unga og efnilega knapa í pollaflokki sem stóðu sig eins og hetjur og létu rigninguna ekkert á sig fá.

Mynd/Magnús Már

Lækkaðu
bensínkostnaðinn
fáðu ókeypis dælulykil
frá Atlantsolíu.



Mosfellsbær

Sími 591 3100
www.atlantsolia.is



Klapparhlíð

Falleg 91 fm. íbúð á 3. hæð í glænýju fjölbýli fyrir 50 ára og eldri. Sér inngangur og vönduð gólfefni auk innréttinga. Stórar svalir í suður. Ópið í eldhús úr stofu. Eitt rúmgótt svefnherbergi. Lyfta. Topp frágangur. V. 24,5 m.



Leirutangi

Hagstætt fermetra verð!!! Mjög falleg og mikið endurnýjuð 92,3 fm. íbúð á jarðhæð með sér inngangi í fjörbýlishúsi við Leirutanga. Nýtt baðherbergi. Nýtt eldhús. Parket á gólfum. Sér garður. Falleg eign í barnvænu umhverfi. Laus fljótlega.



Þrastarhöfði

Falleg 128 fm íðbúð á jarðhæð með hellulagðri verönd með skjólveggjum, bílageymslu og sér inngangi. Flottar innréttingar og góður frágangur. Fjögur svefnherbergi.



Litlikriki

Glæsilegt 207 fm. endaraðhús sem er rúmlega tilbúið til innréttinga. Innbyggður bílskúr 30 fm. Bílskúrin er fullbúinn með góðu geymslulofti. Hiti í gólfum og byrjað að setja upp milliveggi. Hagstætt lán frá íbúðalánsjóði kr. 20 millj. áhvilandi.



Stórikriki

Afar glæsilegt 159 fm. eign á efstu hæð í þessu vandaða fjölbýli við Stórakrika. Eignin er með 24 fm. bílskúr og góðu herbergi inn af honum. Flottar innréttingar, stórar svalir og fallegt útsýni til Esjunnar. Þetta er klassa eign. 3 rúmgóð svefnherb.



*Þjónusta við
Mosfellinga í 20 ár*

Pétur Pétursson
löggiltur
fasteignasali
897-0047

588 55 30



Súluhöfði

Mjög vandað og vel byggt 167 fm. parhús í enda lokaðrar götu í Mosfellsbæ. 4 góð svefnherbergi. Upptekin loft. Stór lóð. Þetta er flott eign á frábærum stað. Til greina koma skipti á minni eign í Mosfellsbæ.



Tröllateigur

Mjög fallegt 185 fm. raðhús við Tröllateig. 4 góð svefnherbergi, flottar innréttingar. Stór sólpallur með heitum potti. Gott skipulag.



Lágholt

Fallegt og vel skipulagt 200 fm. einbýli við Lágholt. 4 svefnherbergi herbergi. Stór stofa sem er með arni og útgengi í fallegan garð. Rúmgott eldhús. Útgengt úr herbergi á stóran sólpall. V. 48,5



Skeljatangi

85 fm. 3ja. herbergja íbúð á 2. hæð í fallegu fjölbýli við Skeljatanga. Parket á gólfum. Tvö góðsvefnherbergi. Góðar svalir í suður. Fallegur garður. V. 22,7 m.